



## SAFNARÝNI / HUGLEIÐING

Minnisstæðar melódíur Melódíur minninganna	29
Sjálfbóðaliðastarf á söfnum	30
Hvatningarverðlaun í safn- fræðslu og norræn samvinna	31

## EFNI / GREINAR

<b>Fréttir úr safnaheiminum</b>	<b>5–7</b>
Ugla sat á kvisti	8–11
<b>Sauðfjársetrið - kröftugt innlegg í menningu og mannlíf á Ströndum</b>	<b>12–15</b>
Stafrænn safnkostur – gátt inn í Norðurlönd	16–19
<b>Vonir um Mótorhjólasafn Íslands</b>	<b>20–21</b>
Sjónarhorn	22–23
<b>Hundrað ára afmæli Skandinavisk Museumsforbund 2015</b>	<b>24–25</b>
Áskoranir safna við varðveislu kvikmynda	26–28
<b>Fálkinn frá Akureyri sem varð safngripur í Flórens á Ítalíu</b>	<b>32–33</b>
Að skilja sjónarmið ungra barna á sýningum náttúruminjasafna	36–39

# Flokkunarfræði safnategunda

Fá söfn í heiminum byggja á eins strangri flokkunarfræði og náttúru-minjasöfnin. Náttúru-minjasöfn byggjast á rannsóknararfleifð og söfnunar-stefnu sem ólíkt flestum öðrum söfnum fela í sér möguleikann á full-komnun - að verkinu ljúki. Líkt og safngripir raðast í safneignarhópa, raðast söfn í flokka eftir áherslum og umfjöllunarefni. Í viðtali þessa tölublaðs um Sauðfjársetrið á Ströndum kom bersýnilega í ljós að starfsemi þess fellur inn í skilgreiningu Hugues de Varine og Georges Henri Rivière á vistsafni (fr. ecomusée) en hugmyndir þeirra ganga út á að safnhugtakið sé notað til eflingar nærsamfélagsins, til að tengja saman fólk, stað og arfleifð.

En hvers virði er slík flokkun og hvern skiptir hún máli? Þarf að setja sérstakan merkimiða á starf sem gengur vel og er unnið af heilindum? Flokkun og skilgreining starfseminnar getur fært okkur nær þeim sem aðhyllast svipaða hugmyndafræði, þrátt fyrir landfræðilegan aðskilnað. Slíkt getur líka hjálpað til við skilgreiningu verkefna og skerpt á nálguninni sem getur á móti orðið markvissari. Það er hins vegar ekkert víst að það skipti alla málshafandi aðila máli hvernar tegundar safnið er eða undir hvaða skilgreiningu það fellur. Öllum er jafn frjálst að nota safnhugtakið enda er það, sem betur fer, opið og frjálst.

Safnmenn kljást daglega við að tengja saman fræði og framkvæmd. Oft virðist sem þessir þættir eigi lítið sameiginlegt og á hverjum degi blasa við verkefni sem reyna á tengingarnar. Bestu starfsháttum hættir stundum til að víkja fyrir því eina mögulega í stöðunni, út frá þeim skorðum sem starfinu eru settar. Þess vegna er mikilvægt að festast ekki í daglegu streði, heldur geta hugsað út fyrir takmarkanir. Annars gerist ekkert nýtt. Fræði eiga að fódra framkvæmd og öfugt.

Í þessu eintaki af Kvisti má, sem fyrr, finna fjölbreytta umfjöllun um söfn og menningararf. Þrátt fyrir að Kvistur sé hæverskt nafn er framtíðin björt. Enda einkennist hún af náttúrulegum vexti og fleiri blöðum. Það er okkar von, sem að tímaritinu stöndum, að Kvistur eigi eftir að vaxa og dafna sem frjálst mál-gagn safnmanna, innan FÍSOS - félags íslenskra safna og safnmanna.

Áhugasömu fólki sem vill leggja blaðinu lið er bent á að hafa samband við ritstjórn.

Ingunn Jónsdóttir  
Ritstjóri

## Safnablaðið Kvistur

Útgefandi Safnarútan slf.

Ritstjóri Ingunn Jónsdóttir

Ritstjórn Sigrún Kristjánsdóttir,

Bergsveinn Þórsson, Guðrún Dröfn Whitehead,

Inga Lára Baldvinsdóttir, Sigurður Trausti

Traustason, Sigurjón Baldur Hafsteinsson

Hönnun Ármann Agnarsson

Myndskreyting á kápu Marta Eir Sigurðardóttir

Prentun Prentmet

Þýdd grein Guðrún D. Whitehead

Höfundum greina eru færðar kærar þakkir  
fyrir þeirra framlag.

ISSN 2298-6944

## Safnaverðlaunin 2016

Safnaverðlaunin í ár hlaut Byggðasafn Skagfirðinga. Í rökstuðningi er talið til að starfsemi Byggðasafns Skagfirðinga sé fjölbætt og metnaðarfull: „Þar er fagmannlega að verki staðið og hver þáttur faglegs safnastarfs unninn í samræmi við staðfesta stefnu og starfsáætlanir. [...] Öflugar og sérhæfðar rannsóknir varpa ljósi á þann mannauð sem safnið býr yfir og sýna fram á hvers byggðasöfn eru megnug þegar þau hafa náð viðurkenndum sessi“.

Einnig voru Listasafn Reykjavíkur – Ásmundarsafn og sýningin Sjónarhorn í Safnahúsinu tilnefnd til þessara verðlauna sem afhent eru annað hvert ár.

Kvistur óskar Byggðasafni Skagfirðinga innilega til hamingju með verðskuldaða viðurkenningu.

ÍSLENSKU  
SAFNAVERÐLAUNIN  
2016



## Fleiri á söfn í frúinu

Í Svíþjóð segjast átta af hverjum tíu fara á safn í sumarleyfinu og heimsóknir á söfn hafa aukist um 9% á milli ára. Þetta kemur fram í könnun sem Riksförbundet Sveriges museer framkvæmdi í ár. Frekari upplýsingar er að finna á vef sænskra safna sverigsmuseer.se.



## Safnmenn „snappa“

Safnmenn víðsvegar á landinu hafa tekið höndum saman um stórskemmtilegan Snapchat aðgang á notendanafninu „safnasnapp“. Með þessu uppátæki gefst áhugasömum færi á að skyggjast inn í heim safna og annarra menningar- tengdra stofnana og kynnast fjölbreytilegum störfum safnmanna. Fyrir fram- takinu standa þær Sólveig Hulda Benjamínsdóttir, forstöðumaður safna í Húna- þingi vestra, Ólöf Vignisdóttir, safnafræðingur og Þóra Sigurbjörnsdóttir, fulltrúi safneignar og skráningar á Hönnunarsafni Íslands. Hugmyndin kviknaði hjá Sólveigu en hún hafði fylgst með Snapchat-reikningi samtaka ungra bænda (notendanafn: „ungurbondi“) sem fjallar um landbúnað og daglegt líf í dreifbýli.

### Snapchat tengir saman fólk, óháð búsetu

Með tilkomu þessa vettvangs safnmanna, sem sameinar áhuga og hagsmuni, þéttist hópur safnafólks í landinu. Safnafólki og öllum þeim sem fást við safna- tengda starfsemi er bent á að tekið er á móti umsóknum um aðgang að stýringu á „snappinu“ í 3–4 daga í senn. Viðfangsefnið, menningararfur í viðum skil- ningi, er fjölbreytt og hægt að finna á því ýmsa fleti. T.d. má setja inn stutt mynd- skeið, halda örfyrirlestra, sýna myndir og myndbrot af undirbúningi nýrra sýn- inga eða daglegu starfi. Þátttaka stendur öllum starfsmönnum safna til boða, auk starfsmanna bóka- og skjalasafna og þeim sem stunda nám í safnafræði, þjóðfræði eða skyldum greinum. Þeim sem hafa áhuga á að stýra er bent á að hafa samband við stjórnendur Snapchatsins á netfanginu: safnasnapp@gmail. com eða á lokuðum hópi á Facebook undir heitinu „Safnasnappið“. Öll hin geta bæst í ört stækkandi hóp áhængenda á hliðarlínunni.

## Merkilegur fornleifafundur á Hegranesi

Fyrr á árinu hófst verkefni á vegum fornleifadeildar Bygðasafns Skagfirðinga og fornleifafræðinga frá Massachussetts háskóla í Boston: Skagfirska kirkju- og bygðasögurannsóknin. Meðal þess sem fundist hefur eru stæðileg kirkjubygging og kirkjugarður sem var tekinn í notkun um árið 1000. Tveir merkilegir gripir hafa fundist í sumar: Silfurpeningur í Kirkjubyggingunni og beinprjónn í víkingaaldarstíl með útskorið dýrshöfuð. Rannsóknin mun halda áfram næsta sumar og verður áhugavert að fylgjast með áframhaldandi niðurstöðum hennar.



## Vel gert: Tónleikar á Hvalasýningunni á Granda

Á Hvalasýningunni úti á Granda í Reykjavík eru haldnir fjölbreyttir viðburðir fyrir alla aldurshópa sem tengjast umfjöllunarefni sýningarinnar. Nýlega voru haldnir tónleikar í samstarfi við The International Fund for Animal Welfare, IceWhale og listamennina Sóley, Sing Fang, Högn Egilsson og DJ Margeir en þau hafa snúið saman bókum í baráttunni fyrir vernd hvala við Íslandsstrendur. Það er skemmtilegt að mæta á tónleika í áhugaverðu, fræðandi umhverfi sýningarinnar en viðburðir á borð við þennan hafa sannarlega burði til að ná til nýrra markhópa.

## Brotalöm í safnastarfi

Samhliða safnaverðlaununum voru í fyrsta skiptið veitt skammtaverðlaunin Brotalömin 2016 og hvatningarverðlaunin Prautsegjan 2016. Að verðlaununum stendur Angistarsafnið, hópur sem lætur sig safnastarf varða. Í ár var Brotalömin veitt stjórn Listasafns ASÍ og stjórn Alþýðusambands Íslands fyrir að selja Ásmundarsal í Reykjavík. Auk þess hlutu hana Kópavogsbær og mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir að leggja niður Tónlistarsafnið í Kópavogi. Prautsegjuna 2016 hlaut Náttúru-minjasafnið „fyrir þanþol, seiglu og langvinna baráttu við að sinna hlutverki sínu sem höfuðsafn á sviði náttúruminja.“



## Sjómennirnir eru okkar bakhjarlar

Fiska- og náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum hefur sérstöðu meðal íslenskra safna. Stærsti hluti safnkostsins eru lifandi sjávarverur. Löng hefð er fyrir samstarfi safnsins við sjómenn í Eyjum og þeir sjá um að afla safnkostsins fyrir safnið. Margrét Lilja Magnúsdóttir forstöðukona safnsins segir: „Við erum alveg háð sjómönnum varðandi safnkostinn. Það gildir bæði um lifandi fiskana og sjávardýrin sem eru í tönkunum hjá okkur. Sömuleiðis hefur lengi tíðkast að þeir komi með mikið af sjaldgæfum tegundum til okkar sem síðan hafa verið stoppaðar upp. Samstarfið er mjög gott milli safnsins og sjómannanna. Við getum þakkað þeim fyrir gjafirnar með því að hafa ávallt ókeypis aðgang að safninu um sjómannadagshelgina og þannig verður heimsókn á safnið hluti af hátíðarhöldunum. Það er reyndar þannig að breyttar veiðiaðferðir og lengri túrar valda því að það eru færri að koma með lifandi fiska og sjávarlífverur til okkar, en við erum þó með nokkrar áhafnir sem hafa okkur í huga og eru duglegar að færa okkur gjafir.“

## Eldsmíði glædd lífi

Smíðjan á Pingeyri, sem er hluti af Byggðasafni Vestfjarða, var þátttakandi í Evrópuverkefni um þjóðlegar hefðir sem Náttúrustofa Vestfjarða var aðili að. Framlag smíðjunnar var að halda tvö námskeið í eldsmíði í um 20 stundir hvort. Róbert Daníel Kristjánsson, sem starfað hefur í smíðjunni og á verkstæðinu við hlið hennar í um 20 ár, annaðist kennsluna. Þórir Örn Guðmundsson, safnvörður og umsjónarmaður Smíðjunnar, telur að verkefni af þessu tagi séu til þess fallin að gera smíðjuna sem mest lifandi. Verið er að kynna handverksaðferð sem er að mestu horfin og að fylgjast með fólki spreyta sig við hana.



# Ugla sat á kvisti



Fáein sérsöfn náttúrugripa eru dreifð um Ísland. Hitt er ekki síður algengt að náttúrugripir séu hluta af fjölbreyttum safnkosti á öðrum söfnum. Náttúrugripir hafa nokkra sérstöðu þegar kemur að varðveislu og umhirðu og oft skortir starfsmenn á minja- og byggðasöfnum þekkingu á því sviði. Á Byggðasafni Árnesinga á Eyrarbakka er safn náttúrugripa sem samanstendur af uppstoppuðum húsdýrum og öðrum spendýrum, fuglum, eggjum, skeljum og örfáum fiskum. Stór hluti safnsins hefur í mörg ár verið í geymslu og einnig í útláni. Mikið átak hefur nú verið gert í framtíðarvarðveislu náttúrugripasafnsins bæði hvað varðar skráningu, þökkun og stefnumótun. Safnið stóð frammi fyrir erfiðum ákvörðunum sem snúa t.d. að grisjun, útláni og kostnaði við varðveislu og viðgerð á gripum. Hér verður farið yfir helstu atriði sem snúa að bættum aðbúnaði og þá um leið fyrirbyggjandi forvörslu fyrir slíkan safnkost.

### Dýrasafnið á Selfossi

Náttúrugripir Byggðasafnsins voru í upphafi sérsafn. Það samanstóð af gripum sem keyptir voru á uppboði árið 1978 þegar uppstoppuð dýr hins gjaldþrota Íslenska dýrasafns, sem var til húsa í Breiðfirðingabúð við Skólavörðustíg, voru sett á uppboð. Þetta var á frumbýlisárum safna í Árnassýslu og dýrasafnið deildi húsi á Selfossi með byggðasafni, listasafni og tréskurðarsafni í nábýli við bókasafn og síðar héraðskjalasafn.

Byggðasafnið setti upp sýningu á gripunum árið 1980 og var það opnað undir heitinu *Dýrasafnið á Selfossi*. Sýningin var vel sótt og enn í dag rifja Árneseingar upp góðar minningar úr safnheimsókn sinni á Dýrasafnið svo að blær nostalgíu umlykur það. Á árunum 1991 til 2003 voru öll þessi söfn flutt í önnur hús. Byggðasafnið var flutt í sögufrægt hús danska kaupmannsins á Eyrbakka í nokkrum þrepum frá árinu 1995. Stór hluti fugla úr safnkostinum varð hluti af sérsýningu byggðasafnsins þar sem færð var saman saga dansks kaupmanns og náttúruverndar. Sú sýning er reyndar einnig góð tenging við fuglafríðland í Flóa sem er skammt frá safnasvæðinu. Aðrir gripir úr gamla Dýrasafninu voru fluttir í glænytt geymslu- og þjónustuhús á Eyrbakka árið 2002.

### Forvörsluáttak og sérfræðiálit

Í Suðurlandsskjálftanum árið 2008 skemmdust margir náttúrugripir



sem og aðrir gripir á safninu. Örfáir mjög skemmdir náttúrugripir voru afskráðir og þeim fargað. Nokkrir gripir voru sendir í ástandsmat til fagmanns í uppstoppun í þeirri von að hann myndi mögulega taka þá til viðgerðar. Til þess kom þó aldrei, því gripirnir brunnu í geymslu sérfræðingsins tveimur árum seinna. Á þessum tímapunkti gafst starfsmönnum safnsins færi á að spyrja sig spurninga um gildi gripanna. Hvað á að leggja í mikinn kostnað við lagfæringu á náttúrugrip? Á að kaupa sambærilega gripi í stað þeirra sem var fargað eða skemmdust mikið? Fellur gripurinn að söfnunarstefnu og sýningarstefnu safnsins? Hvaða gildi hefur hann fyrir t.d. sögu Árnassýslu? Hefur hann mögulegt miðlunarhlutverk? Á að grísa grimmt?

Safnið ákvað að gera áttak í forvörslumálum og uppúr því varð til ný stefnumótun um framtíðarvarðveislu náttúrugripa. Ákveðið var að leita sérfræðiaðstoðar. Safnið fékk sjálfstætt starfandi forverði til að vinna forvörsluúttekt á öllum

rýmum safnsins, sýningarýmum og geymslum árið 2012. Í skýrslu kom m.a. fram að bæta þyrfti aðbúnað náttúrugripa. Gripirnir höfðu verið með sínar sérhillur í geymslu en ljóst varð að þeir þyrftu frekari aðgreiningu frá öðrum safnkosti. Ákveðið var að fá nánari sérfræðiaðstoð hjá Þjóðminjasafni fyrir áframhaldandi vinnu við bættan aðbúnað gripanna. Forvörður Þjóðminjasafns gerði sérstaka úttekt á geymsluáðstöðu náttúrugripa og veitti ítarlegar ráðleggingar um þökkun og frágang á þeim. Safnið var þá komið með tvær skýrslur til að vinna eftir og þær voru forsenda þess að hægt var að fara markvisst í verkið. Sú ákvörðun að fá aðkeypta aðstoð við verkið var ómetanleg og tryggði fagleg vinnubrögð.<sup>1</sup>

### Aðgreining safnkosts

Fyrst var fundin aðstoða fyrir gripina og rými var valið uppi á lofti sem var auðvelt að skerma af og var langt frá útgöngudyrum. Lítil umgangur er um rýmið og auðvelt að stjórna hita, raka og birtu. Hamur uppstoppaðra dýra er mjög viðkvæmur fyrir

Þessum umhverfisþáttum og springur við léleg skilyrði.<sup>2</sup> Aðgreint rými gerir starfsfólki einnig auðveldara að sjá hvort lífrænir skaðvaldar séu merkjanlegir. Uppstoppaðir gripir eru kjörlendi fyrir marga skaðvalda og er hambjalla, öðru nafni hamgæra, þar efst á lista. Mun fleiri smádyr sækja í uppstoppuð dýr og bæði erfitt og kostnaðarsamt getur verið að losna við óværuna, sem sækir þá líka í aðra safngripi.<sup>3</sup>

### Frágangur

Miðlungsstórir gripir eins og fuglar, refir og kanínur voru færðir í hillur. Undirlagið var þunnt fómspjald og sýrufrír pappír lagður þar ofan á. Hvítt yfirborð pappírs auðveldar starfsfólki að fylgjast með hvort pöddur séu á ferli. Flestir gripir standa á eigin undirstöðu úr grjóti, timbri eða plasti en einhverjir gripir hafa verið fjarlægðir af standi sínum og járnþinnar standa út við fætur. Fyrir þá gripi var hillan klædd með þykkara fómspjaldi og hægt að stinga gervifótum dýranna beint í.

Ólíkar leiðir varðandi frágang gripanna voru ræddar við forvörð t.d. hvort bæri að pakka inn hverjum og einum grip og setja í hillur eða raða þeim í hillur og klæða síðan hillurnar af. Safnið valdi þá leið að klæða hverja og eina hillu inn með „tyvek“ efni sem er sterkt, þunnt og síðast en ekki síst vatnspolið. Að lokum verður allt hillusvæði náttúrugripa afskermað með plasttjaldi.

Sumir gripir pössuðu illa í hillur vegna stærðar eða þyngdar. Starfsmenn safnsins útbjuggu litla tréþalla með hjólum fyrir þá gripi og þannig var hægt að færa þá undir súð. Pallar voru, líkt og hillur, klæddir með fómspjaldi og sýrufríum pappír. Krókur verður settur á hvern pall svo hægt sé að draga hann fram með krækju til hægðarauka.<sup>4</sup>

### Kuðungar og skeljar

Pökkun á 400 kuðungum og skeljum var smá höfuðverkur. Allir gripir voru upprunalega límdir á pappír sem aftur var límduð í sýningarkassa. Á pappírsmiðanum voru upplýsingar um hvern og einn kuðung og skel. Sýningarkassar voru þungir, smíðaðir úr krossviði og með glerloki. Ljóst var að þeir yrðu ekki notaðir við framtíðaruppsetningu á þessum gripum. Allir gripir voru fjarlægðir úr sýningarkassa en sumir gripir voru þegar dottnir af pappírsmiðanum og höfðu þannig orðnir viðskilja við merkingu sína. Fjölmargir kuðungar og skeljar voru samt mjög límfastir og erfitt að losa þá frá sýningarkassa. Starfsfólk safnsins þurfti að ákveða hvort ætti að varðveita alla gripina á pappírnum eða fjarlægja hann.

Ráðleggingar forvarðar voru að vinna með efni sem leysir upp lím sem væri tímafrek vinna. Því var ákveðið að fara milliveg. Þar sem gripur hafði lítið viðloð var pappír fjarlægður annars var honum leyft að vera. Þarna var mest um vert að koma skeljasafninu úr sýningarkassa sem og að tryggja örugga varðveislu ásamt góðri merkingu.

Skeljum og kuðungum var pakkað í sýrufríar öskjur með sérsniðnum hólum úr sýrufríum pappa. Gripirnir voru síðan lagðir í hólfín vafðir í sýrufrían pappír eða í litlum plastpokum með sýrufría pappa-undirstöðu eða á sínum gamla pappastandi. Hér er alveg hægt að velta fyrir sér hvort þarna hafi vantað samræmi en þessi lausn féll betur að kostnaðaráætlun og tímaramma verkefnisins. Ákvarðanir um frekari losun gripa af pappír verða mögulega teknar ef þeir gripir verða sýndir.

### Hreinsun og ljósmyndun

Allur safnkosturinn var hreinsaður og ljósmyndaður fyrir frágang og pökkun. Rykhreinsun reyndist vera

mjög vandasamt verk. Notuð var ryksuga á lægsta styrk með grisju fyrir stútinn til að ná yfirborðsryki. Þar á eftir var ryksugunni sleppt og pensill með mjúkum hárum notaður til að dusta betur af dýrunum og harðari bursti við þrif á grjótuundirstöðu. Þannig náðist að yfirborðshreinsa það sem var laust en undirstöður sumra gripa þyrfti að hreinsa frekar ef þeir færu á sýningu. Jafnvel gæti þá þurft að fjarlægja gripi af undirstöðum. Mikil vinna var að ljósmynda gripina en verkefnið ýtti við safninu að vinna það nauðsynjaverk. Samtímis var aðstaða til ljósmyndunar á stórum safngripum bætt.

### Útlán og grisjun

Í kjölfarið á átaki í varðveislu náttúrugripanna vöknudu að sjálfsögðu spurningar varðandi grisjun. Þar á meðal þótti tímabært að skoða stefnu safnsins varðandi útlán gripa sem tengist grisjun óbeint. Eftir að sýningu *Dýrasafnsins á Selfossi* var endanlega lokað árið 1996 fóru margir gripir í langtímalán og miðlun á öðrum söfnum og sýningum. Eftirspurn eftir uppstoppuðum gripum til skammtímaútláns hefur þess utan allaf verið mikil og safnið hefur oft þurft að hafna slíkum beiðnum á forsendum þess að öryggi gripanna sé ekki tryggt. Við útlán er erfitt að tryggja stöðugt hita- og rakastig og einnig aukast líkur á að lífrænir skaðvaldar komi með gripnum heim. Öðrum gripum úr t.d. textíl og skinnum í geymslum safnsins er þannig stofnað í hættu ef óvarlega er farið með uppstoppaða gripi.

Aðrir þættir skipta máli við útlán. Byggðasafnið varðveitir t.d. uppstoppuð dýr sem eru þegar skemmd og í sumum tilfellum illa stoppuð upp í byrjun. Á að lána út slíka gripi? Vangaveltan snýst einnig um hver staða eða gildi náttúrugripa sé sem hluta af menningararfi. Uppstoppuð dýr hafa lengi verið vinsæl sem leikmunir og





jafnvel þótt aðhlátursefni og virðing fyrir gildi þeirra sem safngripa verið nokkuð á reiki. Náttúrugripir geta verið þetta og margt annað:

- fræðsluefni
- minningarkveikjur
- minjagripir veiðimanns
- merkir fyrir sögu uppstoppunar
- áhugaverðir í listrænu samhengi
- fræg dýr

Þegar ákvarða skal förgun eða grisjun er gagnlegt að hafa alla þessa þætti í huga. Í hverju og einu verkefni vakna spurningar sem söfn standa stöðugt frammi fyrir eins og um virði og gildi safnkosts. Þegar leggja á tíma og kostnað í betri aðbúnað verða slíkar spurningar áleitnar. Aldrei skal samt tapa sjónum á því hlutverki safna að varðveita safnkost fyrir komandi

kynslóðir og þar sem ekki er hægt að segja bara „ugla sat á kvisti“ þarf hver og ein ákvörðun um grisjun að vera vel ígrunduð.

Átak safnsins í varðveislu náttúrugripa er gott dæmi um hvernig mögulegt er að nýta sér aðkeypta sérfræðipækkingu en jafnframt beita hagkvæmum lausnum án þess að slá af faglegum kröfum. Í þessu ferli bættu starfsmenn safnsins eigin fagþekkingu og eru betur í stakk búnir að takast á við flókin varðveisluverkefni eftirleiðis. Verkefni í varðveislu eru alltaf mýmörg en í þessu tilfelli borgaði það sig að búta niður filinn og velja sér afmarkað verkefni með upphafi og endi.

- 1 Sjálfstætt starfandi forverðir sem unnu fyrir Byggðasafn Árnesinga voru Karen Þóra Sigurkardóttir og Þórdís Anna Baldursdóttir, sem reka fyrirtækið forvarsla.is. Forvörður Þjóðminjasafns var Nathalie Jacqueminet.
- 2 Care and Conservation of Natural History Collections, kafli 7 „Collection environment“, útg. 1999, Oxford: Butterworth Heinemann, <http://www.natsca.org/care-and-conservation>
- 3 Handbók um varðveislu safnskots, bindi II, „Liffrænrir skaðvaldar“, óbirt vefútgáfa (með leyfi), Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands- Háskólabókasafn.
- 4 Fómsspjöld, sem hægt er að kaupa í mismunandi þykkt, og tyvek efni var keypt hjá fyrirtækinu Í réttum ramma ehf. Sýrufrián pappír verslar Byggðasafn Árnesinga af Hvítlist ehf. og önnur helstu efni fyrir verkefnið voru fengin í byggingarvörverslun.

Þessi grein er unnin í samstarfi við NKE, Félag norræna forvarða – Ísland.

Linda Ásdísardóttir,  
safnafræðingur og safnvörður  
á Byggðasafni Árnesinga

# Kröftugt innlegg í menningu og mannlíf á Ströndum

*Ritstjórnarmeðlimir Kvists, þær Inga Lára, Ingunn og Sigrún fóru á Sauðfjársetur á Ströndum og hittu fyrir Ester og Jón, hugmyndasmiði og rekstraradila Sauðfjársetursins. Þeim lék forvitni á að vita hvað einkenndi starfsemi Sauðfjársetursins. Sauðfjársetrið hefur á rúmlega fjórtán ára starfstíma skapað sér nafn innan safnaheimsins og víðar fyrir að vinna með íbúum svæðisins að uppbyggingu samfélagsins á Ströndum með sameiginlegan menningararf íbúanna að viðfangsefni.*

## Hvert er upphaf Sauðfjársetursins?

Við fluttum hingað að Kirkjubóli á Ströndum árið 2000, jörðina sem félagsheimilið Sævangur stendur á. Húsið var lítið notað og viðhaldi hafði lítið verið sinnt eftir að sveita-böllunum fækkaði. Hugmyndir vöknudu um að nota húsið í menningartengda starfsemi í þágu íbúa og var þetta rætt við íbúa á svæðinu og sveitarstjórnir. Samþykkt var í hreppsnefnd Kirkjubólshrepps að leigja húsið undir starfsemi Sauðfjársetursins en ljóst var að menn báru miklar tilfinningar til hússins, vildu sjá að þar væri líf og fjör og vildu ekki horfa upp á það hrörna. Sauðfjársetrið var svo opnað þann 23. júní árið 2002. Unnið var hratt að gerð fastasýningarinnar *Sauðfé í sögu þjóðar*. Fólkið í áhugaleikfélaginu á svæðinu, Leikfélagi Hólmavíkur, lagði þar hönd á plóg. Leikfélagið er vant því að setja upp sýningar og

sviðsmyndir en ekki síður að vinna hratt í stuttan tíma að lokamarkmiði. Með samstilltu átaki tókst að setja upp sýninguna á aðeins 6 vikum, safna munum og myndum, skrifa texta, prenta, hanna og smíða.

## Út á hvað gengur hugmyndafræðin?

Alveg frá upphafi var hugmyndin sú að húsið og starfsemi þess ætti að skipta máli í samfélaginu. Setrið átti að hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf og ferðaþjónustu og vera kröftugt innlegg í menningu og mannlíf á Ströndum. Viðfangsefni setursins er tengt höfuðatvinnugrein á svæðinu sem skiptir ennþá miklu máli fyrir afkomu íbúanna. Hér eru fjölmargir sauðfjárnændur sem hafa búskapinn að aðalatvinnu og framfleyta fjölskyldum sínum með sauðfjárnækt. Hér eru lömbin þung að hausti, bændur hafa náð miklum árangri

við kynbætur og svæðið er þekkt fyrir að hér eru engir landlægir smitsjúkdómar. Þegar þarf að skera niður fé annars staðar á landinu vegna sjúkdóma koma bændur á Strandir til að kaupa líflömb. Íbúarnir eru ánægðir með þennan árangur í sauðfjárnæktinni en eitt af markmiðum setursins er að efla sjálfsmynd bændafólksins á svæðinu um leið og það hefði jákvæð áhrif á ímynd atvinnugreinarinnar og Stranda almennt.

Starfsemin gengur út á að vinna með lifandi menningararf íbúanna og miðla honum. Með því að koma þessari menningu fyrir á safni, eykst gildi hennar. Það þurfa kannski ekki allir viðburðir setursins að beintengjast sauðfjárnúskap, en með því að leggja áherslu á fjölskylduviðburði er daglegt líf í dreifbýli og bændamenningin tengd við eitthvað



annað jákvætt. Sauðfjárbúskapur og náttúruvernd fara til dæmis ekkert endilega alltaf saman en nýlega stofnaði Sauðfjársetrið Náttúrabarnaskóla sem stendur fyrir námsskeiðum jafnt og viðburðum tengdum náttúrunni í nærumhverfinu og almennri umhverfisvitund.

Öll áðurtalin markmið voru kortlögð áður en safnið hóf starfsemi sína og uppbyggingin hefur alla tíð byggst á þessari hugmyndafræði: Ad skipta máli í atvinnulífinu á svæðinu, búa til launuð störf, að hafa jákvæð og uppbyggileg áhrif á menningar- og mannlíf, að stuðla að auknum lífsgæðum íbúanna og þjóna fólkinu á svæðinu. Starfið kristallast síðan í margvíslegum viðburðum sem gefa fólki færi á því að hitta hvert annað og útkoman verður staður þar sem ferðamenn og heimamenn hafa tök á að hittast.

### Hver er kjarninn í starfsemi Sauðfjárseturins?

Viðburðir, margvíslegar skemmtanir og uppákomur. Eitt af lykilmarkmiðum okkar er að öll fjölskyldan leiki sér saman og hafi gaman af. Það er löng hefð fyrir sameiginlegum leikjum barna og fullorðinna á svæðinu og það er menningararfur sem vert er að halda í og miðla til komandi kynslóða. Meðal helstu viðburða ársins á Sauðfjársetrinu eru Furðuleikar á Ströndum þar sem keppt er í m.a. öskri og óhefðbundnu kvennahlaupi – þar sem karlar bera konur á bakinu, stígvélakasti og girdigastauraþeytingi. Svo eru einstaka sýningargreinar aðeins fyrir fullorðna eins og trjónufótbolti. Furðuleikarnir eru nú hluti bæjarhátíðar Hólmavíkur en setrið leggur áherslu á að taka virkan þátt í öllum hátíðarhöldum á svæðinu. Langstærsti viðburður ársins er svo Íslandsmótið í

hrútaþukli. Hugmyndin að mótinu er komin frá bændum á svæðinu og því sprottin beint úr grasrótinni. Árlega dregur hrútaþuklið að sér 500–600 gesti. Keppt er í tveimur flokkum: Flokki vanra og óvanra og hræddra. Í kjölfarið hefur þessi sérstaka keppnisgrein í hrútaþukli breiðst út um allt land, frá Skólavörðustíg í Reykjavík, út á Raufarhöfn, á Sauðárkrók og víðar.

Í kvikmyndinni Hrútum er sérstök hrútasýning og minnir hún á sýningar fyrri tíma, þar sem keppnin er á milli hrútanna. Á hrútaþukli Sauðfjársetursins keppir mannfólkið um hver geti best fundið mismunandi eiginleika hjá hrútunum – með hyggjuvitið og hendurnar einar að vopni. Aðalleikarar Hrúta, Sigurjón Sigurðsson og Theódór Júlíusson, mættu á hrútaþuklið hjá okkur 2015 og háðu þukleinvígi, áhorfendum til mikillar skemmtunar.

Viðburðir á veturna eru frekar sniðnir að heimaþólki en ferðamönnum. Sviðaveisla er haldin árlega og sama gildir um þjóðtrúarkvöldvöku. Í tengslum við sérsýningar safnsins eru skipulagðir viðburðir sem styðja við þær, s.s. ljósmyndagreining þar sem skipst er á margvíslegum fróðleik. Sauðfjársetrið hefur síðustu tvö ár sett upp ný frumsamin leikrit í samvinnu við Leikfélag Hólmavíkur og sýnd hafa verið í Sævangi: Gamanleikinn og fjölskyldudramað *Smal* sem gerist í smalamennsku og einleikinn *Draugasögu*. Í *Draugasögu* er heilsað upp á húsdrauginn í Sævangi sem reynist þegar líður á leikritið hreint ekki jafn viðkunnanlegur og gestum virðist í fyrstu. Í Sævangi er spiluð félagsvist yfir veturinn og haldnar spurningakeppnir, jóla-skemmtanir, tónleikar, bókakynningar og kaffiveislur. Námskeið eru haldin á vegum Sauðfjársetursins, nefna má námskeið í þæfingu og viðamikil námskeið í þjóðbúningasámi í samvinnu við handverksfélagið Strandakunst. Í Sævangi er góð aðstaða fyrir fundahald sem mikið er notuð. Fjöldinn allur af smærri viðburðum er á dagskránni: Sögu-stundir og fyrirlestrar, gönguferðir, náttúruskoðun og útivist.

Náttúrubarnaskólinn var stofnaður sumarið 2015 en áður hafði Sauðfjársetrið búið upp á margvíslega náttúrutengda viðburði s.s. fjörudag, fjallgöngur og jurtagöngur fyrir alla fjölskylduna. Náttúrubarnaskólinn er tilraunaverkefni til þriggja ára og byggir á sameiginlegum áhuga aðstandenda Sauðfjársetursins á náttúrunni, náttúruvernd og fræðum tengdum náttúrutúlkun og uppbyggingu menntatengdrar ferðaþjónustu. Í sumar sá Náttúrubarnaskólinn um leikjanámskeiðshald fyrir börn á aldrinum 6–12 ára í Strandabyggð. Þátttaka barnanna var niðurgreidd af hreppnum og sér-

stakur Náttúrubarnastrætó keyrði börnin á svæðið frá Hólmavík. Á vegum Náttúruskólans eru haldin opin námskeið og fjöldi viðburða. Í Náttúrubarnaskólanum eru t.d. búin til seyði og smyrsl, sól tínd, þurrkuð og smökkuð, auk þess sem leikir, útivist og sagnir leika stórt hlutverk. Leik og fróðleik er blandað saman í hæfilegum hlutföllum. Námskeiðin sem eiga fyrst og síðast að vera skemmtileg og spennandi eru bæði fyrir börn og fullorðna og hefur skólinn meðal annars staðið fyrir fugla-skodunarferðum fyrir erlenda ferðamenn. Náttúrubarnaskólinn hefur byggt upp öflugt net sérfræðinga af svæðinu, m.a. á sviði sagnamennsku, þjóðsagna, menningarlandslags og náttúrufræði með meiru.

### **Varðandi verkefni eins og Náttúrubarnaskólann, þá er fólk með í svona verkefnum af mismunandi ástæðum, sumir vilja fá atvinnu, vilja miðla af sinni þekkingu og aðrir kynnast fólki. Hvernig fáir þið fólk til að vera með?**

Ferlið er formlegt. Við leggjum fram skriflega verkefnislýsingu fyrir þá sem við viljum fá í formlegt samstarf. Það er alveg skýrt til hvers er ætlast af hverjum og einum. Með því að vinna skipulega á þennan hátt er hægt að hefja viðræður um aðkomu ólíkra aðila. Við erum líka í samstarfi við önnur söfn í kring bæði í tengslum við Náttúrubarnaskólann og önnur verkefni t.d. Arnarsetrið í Króksfjarðarnesi, Galdrasýninguna, byggðasöfnin á Laugum í Sælingsdal og Reykjum í Hrutafirði. Náttúrubarnaskólinn er enn í mótun. Allir sem koma að verkefninu þurfa að átta sig mjög vel á því að verið er að prófa og prufukeyra allskonar hugmyndir. Það ráða t.d. ekki allir við að vera með sérhæfða leiðsögn á ensku um fugla en þá prófa menn sig bara áfram og hjálpast að við að æfa leiðsögnina, bjóða gestum og

taka prufutúra. Í framhaldinu má svo ákveða hvort viðburður eða námskeið hafi tekist vel og hvort hann gæti orðið að söluvöru sem skapi atvinnu, eða ekki.

Það er mikilvægt fyrir söfn að vera vakandi fyrir hugmyndum úr nærsamfélaginu, hvort sem það er leiksýning, bókakynning eða aðrar hugmyndir að viðburðum. Það er aldrei neitt slegið út af borðinu, sama hversu klikkuð hugmyndin er. Ef maður er bara nógu jákvæður þá er hægt að útfæra ýmislegt. Það er sjálfsagt að prófa. Strandamönnum finnst að allt sem er skemmtilegt, verði að vera árlegt. En sumt virkar hreinlega ekki, eins og kraftakeppni fyrir venjulegt fólk sem við reyndum að halda nokkur sumur.

### **Eru innviðirnir þannig hér að fólk vinnur saman?**

Aðalvettvangurinn fyrir fólk á svæðinu til að hittast og bera saman bækur eru kaffihlaðbordin sem eru haldin í setrinu 6–12 sinnum á ári. Sauðfjársetrið hefur gott bakland og margir íbúar svæðisins eru viljugir til að leggja hönd á plóg í fjölbreyttri sjálfbodavinnu, hvort heldur sem er viðburðarstjórnun eða þakviðgerðir. Það er hefð fyrir því hér í sveitinni að fólk hjálpist að en þetta tengist samvinnuhefð í sveitasamfélaginu meðal annars í tengslum við byggingarvinnu og sauðfjárþúskapinn, réttir og annað. Húsnæði Sauðfjársetursins, Félagsheimilið Sævangur, var að miklu leyti byggt í sjálfbodavinnu. En það skiptir miklu máli að sjálfbodavinna sé hófstíllt og skemmtileg svo að fólk fái eitthvað út úr henni. Samveran er aðalatriðið og síðan að ljúka verki með því að halda veislu, borða saman og hafa gaman af tilverunni. Skapa góðar minningar.

## Stundar safnið rannsóknir eða markvissa gagnaöflun tengda umfjöllunarefninu?

Já við höfum gefið út spurningarlista sem hafa gagnast við heimildaöflun um sauðfjárbúskapinn. Oft er þetta tengt sérsýningum setursins. Sem dæmi var hér sýning um dráttarvél- ar og reglulega er haldinn dráttarvélardagur. Þá hittist fólk og ræðir saman um dráttavélameningu á Ströndum. Við höfum líka t.d. verið að safna sögum um sveitasímann og sláturhúsin. Stundum förum við af stað með að safna efni sem við skynjum að brenni á fólki og sem kemur þá beint frá grasrótinni, eins og átti við í tilfelli sláturhúsanna. Þá hafði ekkert sláturhús verið starfrækt á Ströndum í 10–12 ár en fólkíð á svæðinu vildi tjá sig um efnið, segja sögur úr sláturhúsvinnunni. Safnið á dálítið af efni, ljósmyndum og munum, tengdum sláturhúsunum, en þó ekki mikið af t.d. ljósmyndum úr Árneshreppi eða frá Hólmavík. Við settum því af stað viðburðardag- skrá: Fyrirlestur, myndasýningu auk þess sem spurningarlista var dreift á þátttakendur. Það hefur ekki verið mikil svörun við spurningarlistum, en myndir eru gagnlegar til að fá fólk til að tjá sig um eigin reynslu og segja sögur. Sumt er tekið upp, t.a.m. spjall á fundum og stundum tókum við einstaklingsviðtöl og þá eru spurningalistarnir mikilvægir.

Við leggjum áherslu á að safna myndum og minningum og tengja saman gripi, myndir og sögur við miðlun efnisins. Myndir eru sterkur minningavaki og við höfum metnað fyrir því að koma minningunum inn í starfið. Það er hægt með ýmsu móti öðru en hefðbundnum sýningum, t.d. í leikriti, uppákomu, listsköpun, myndasýningu eða með öðrum leiðum sem brjóta niður mörkin á milli miðla. Með því að miðla með óvæntum hætti getur



upplifunin orðið enn meiri. Í okkar villtustu draumum ætti miðlunin á Sauðfjársetrinu meira að minna á einstaklingsmiðað nám, heldur en sýningu sem þarf að henta öllum. Kannski væri mögulegt að gestur á safninu myndi í upphafi svara nokkrum spurningum um það hver hann er og hvað hann hafi fengið við um ævina, hvort hann sé af svæðinu, hafi farið í sveit eða sé jafn- vel bóndi. Svo fengi hann upplifun við sitt hæfi, hvort sem það sé gömul nostalgia úr Kollafirði þar sem hann ólst upp eða verið í sveit, sem byggð- ist upp á myndasýningu frá ákveðnu tímabili af tilteknu svæði. Einstak- lingur sem vissi ekkert um kindur fengi fróðleik við sitt hæfi. Erlendur gestur fengi sérstaka upplifun með tengingu við sauðfjárrækt annars staðar í heiminum. Það er auðvitað afar ólíklegt að einhverntíman verði til peningur til að þróa svona á Sauð- fjársetrinu en það er vel mögulegt að feta sig í áttina að þessu með því að nýta tölvutækni og takmarkaða gervigreind. Vissulega kæmi líka til greina að þróa þetta áfram annars staðar, þar sem til er meiri peningur.

## Þið fóruð af stað með ákveðnar samfélagslegar hugmyndir, nú eru 14 ár liðin. Getið þið metið árangurinn?

Við höfum ekki metið áhrifin mark- visst, ekki með tölulegri mælingu. En okkur finnst ætlunarverkið hafa tek- ist. Setrið hefur haft gríðarleg áhrif. Það hefur sannað sig sem innspýting í menningu og mannlíf og hefur haft jákvæð áhrif á samskipti fólks. Hér hefur verið skapaður vettvangur fyrir fólk að hittast í kringum sameigin- legan menningararf. Við aðstandendur setursins höfum líka skemmt okkur ljómandi vel. Það eru ennþá mörg tækifæri til að gera meira og betur í framtíðinni. Í upphafi var til að mynda partur af hugmyndinni að sérfræði- menntað fólk í búfræðum fengi vinnu við Sauðfjársetrið. Sú hugmynd gekk út á að með tilfærslu á verkefnum væri hægt að búa til 5–6 stöðugildi, þá sér- staklega á sviði sauðfjárræktar. Þetta hefur ekki ennþá tekist.

Ritstjórnarmeðlimir voru ánægðir með heimsóknina sem var bæði fróð- leg og hvetjandi: Við fengum inn- blástur og trú á að margt er hægt að gera ef fólk hefur skýra sýn og vilja.

# Stafrænn safnkostur – gátt inn í Norðurlönd

## Ráðstefna í Helsinki um brýnustu verkefni safnmanna samtímans

Í byrjun árs 2016 fór fram í Helsinki í Finnlandi viðamikil ráðstefna um söfn í stafrænum heimi undir heitinu Stafrænn safnkostur – gátt inn í Norðurlönd (s. *Digitala samlingar –fyr et öppnare Norden*). Þar var fjallað um áherslur í safnaheimi samtímans, raf-ræna miðlun, ofgnótt gripa og grisjun á söfnum. Fyrirlesarar voru frá öllum Norðurlöndum og veittu fjölbreytta sýn inn í framtíð safna og þróun þeirra í ört breytilegum heimi stafrænnar miðlunar. Krafa um nýjungar er rík en ein birtingarmyndin er stafræn miðlun á safnkosti og keppst er við skráningu upplýsinga og myndefnis í veflægum gagnagrunnum. Samhliða gefast ný og spennandi tækifæri til að færa söfn nær samborgurum og að skapa tengingar á milli landa. Núna standa til boða fjölbreyttir möguleikar í aðgengi að safnkosti, en samfara því knýja dyra önnur úrlausnarmál. Framsögumenn nálgudust viðfangsefni á ólíkan hátt og með mismunandi dæmum.

Hér verður í stuttu máli farið yfir það helsta sem menn höfðu fram að færa.

## Finnland boðar breytingar

„Spurningar framtíðarinnar: Nýir tímar fyrir söfn?“ Undir þessari fyrir-


sögn sló Susanna Pettersson, safnstjóri Konstmuseet Ateneum í Helsinki, tóninn fyrir öll helstu viðfangsefni safnmanna og dró saman kjarnann í því sem söfn glíma við í stafrænum heimi. Hún lagði fram spurningarnar: „Hvað breytist, hvað ætti að breytast og hvað verður að vera óbreytt?“

Tímarnir eru breyttir og margþættar kröfur eru gerðar til safna nútímans. Þau þurfa að tala ólík tungumál í heimi menningar og viðskipta. Söfn eiga að skilja þarfir almennings og starfa í takt við þær. Þau þurfa að miða að bæði sjálfbærni og hagkvæmni, hafa sterka sýn og búa yfir hæfni til að byggja upp traust vörumerki. En fyrst og fremst þurfa söfn að vera vel víg á mismunandi vettvangi. Susanna sagði hreint út að áður fyrr hafi söfn fengið fjármagn og starfað að eigin þóttu en að nú séu breytt viðhorf og söfnin verði að sanna tilvist sína. Söfn hafa umboð til að sinna vörslu og miðlun menningararfs en gestirnir eru „viðskiptavinir“ og ef söfnin þjóna þeim ekki vel né ná eyrum þeirra þurfa þau að breyta starfsháttum sínum. Söfn verða að eiga erindi við samfélagið og eiga í samtali við umhverfi sitt. Það sem ætti og mun breytast er að safn er sameign þegnanna en ekki einungis safnsins. Bæði safneigninni og þekkingunni á henni þyrfti að miðla í

ríkara mæli. Samvinna ætti að aukast bæði innanlands og utan. Starfsfólk verður í mun meira mæli að búa yfir hæfni í stafrænni tækni. Störf á safni byggja ávallt á virðingu fyrir menningararfinum og mikilvægi safnsins sem stofnunar verður óbreytt. Söfn auka lífsgæði og gegna samfélagslegum skyldum. Þessir þættir voru gegnumgangandi leiðarstef í fyrirlestrum ráðstefnunnar.

## Tæknin lokkar í Svíþjóð

Frá Svíþjóð kom Kajsa Hartig, þróunar- og verkefnastjóri nýrrar miðlunar við Nordiska museet í Stokkhólmi. Hennar erindi fjallaði um ágæti stafræns safnkosts og möguleikana á nýtingu hans til aukinnar þátttöku almennings í safnastarfi. Hún lagði áherslu á að eitt mikilvægasta hlutverka safna í dag sé að hvetja sem flesta til þátttöku í safnastarfi og að söfn ættu ekki að unna sér hvíldar í slíkum verkum. Kajsa telur mikilvægt að safn og samfélag skiptist á upplýsingum og hugmyndum. Safn þarf að mæta stafræna gestinum og leita leiða til að ná til hans. Kajsa sagði að söfn ættu að seilast út og koma með nýjar hugmyndir í upplýsingaflæði og ítrekaði að ef tæknin hentar ekki þá sé hún gagnslaus. Tæknin á fyrst og fremst að snúast um að lokka fjölbreyttari hóp þátttakenda til safns-



Copyright Canadian Museum for Human Rights, 2014. Photography: Ian McCausland/CMHR.

ins og vera ákjósanlegur kostur við miðlun menningararfsins. Hún dró upp dæmi af nokkrum samtímaverkefnum sem voru unnin upp úr söfnun gagna af vinsælum samfélagsmiðlum. Safnmenn ættu að hafa í huga mikilvægi þess að ná upplýsingum frá fólki um gripi hvað varðar notkun og hlutverk. Það gefur safnkostinum tilverurétt að skráning sé vönduð og út frá sjónarhóli sem flestra, bæði sérfræðinganna sjálfra en líka þeirra sem þekkja til notkunar. Getur ekki einn gripur átt margar sögur? Kajsa kynnti látlausan og aðgengilegan gagnagrunn Nordiska museet, *minnen.sei*. Gagnagrunnurinn er ekki ólíkur þjóðháttasafni þar sem frásagnir fólks birtast flokkaðar eftir ákveðnum þemum. Grunnurinn vistar frásagnir úr samtíma og um þessar mundir birtast þar frásagnir flóttafólks. Þarna gefst fólki tækifæri til að deila eigin reynslu á einfaldan hátt. Frásögnin hefur burði til þess að snerta marga og skiptir máli í menningarlífi þjóðarinnar. Með þessu tengir safnið ekki síst saman miðlun á fortíð og samtíma.

### Gestir skrá rokksöguna í Danmörku

Rokksafn Danmerkur var nýlega opnað í Roskilde, hjarta tónlistarsenu Danmerku. Frá upphafi stefndi safnið að því að vinna að samtímalegri nálgun í heimildarvinnu, söfnun og miðlun, með áherslu á framlag safngesta. Safnvörðurinn Jakob Westegaard-Madsen, sagði frá einu af aðalatriðum sýningarinnar sem er margmiðlunarkort rokksögunnar í Danmörku. Kortið þekur heilan vegg og þar birtast myndbrot, ljósmyndir og frásagnir úr tónlistarheiminum. Viðfangsefnið er rokk- og popptónlist, hljómsveitir, hátíðir, fólk, tíska, staðir, klúbbar og annað sem lendir í þessum kima samtímamenningarinnar. Enginn eiginlegur endir verður á söfnuninni, heldur verður kortið á sýningunni í stöðugri uppfærslu og endurnýjun. Rokksafnið veitir þarna gestum svo til óhindrað leyfi til að

ákveða framlag sitt til rokksögu Danmerkur. Jakob sagði að jafnvel þótt langt sé um liðið síðan söfn fóru að sjá aukna möguleika til að deila valdi meira til samfélagsþegna og veifa kunnuglegum frösum eins og „sharing is caring“ þá er helsti vandinn sá að sleppa þessum völdum. Safnvörðir þurfa að átta sig á að þeir eru ekki verðir menningararfsins á sama hátt og áður því menningararfurinn fer í hrærivél og er framreiddur með stafrænni tækni af notandanum á allt annan hátt en áður. Söfn munu í ríkari mæli veita gestum og notendum aukin völd við innsöfnun og miðlun. Jakob taldi eitt af áhugaverðari þáttum verkefnisins vera að efni frá almenningi er sjaldnast frumgerð heldur getur allt eins verið samsett efni eða afrit. Rokksafnið getur t.d. varla vitað fyrirfram hvort innsent efni eins og ljósmynd eða tónlistarmyndbrot sé réttilega eign gefandans. Þá vaknar til lífsins gamalkunn vangavelta um mikilvægi hins upprunalega, en við samtímasöfnun er oft fengist við rafræn gögn: Hefur frumgerðin meira vægi sem menningararfur en eftirgerð sem hefur farið í gegnum breytingarferli? Hversu mikilvæg er frumgerðin? Við svo stórum spurningum eru engin einföld svör en sjálf vangaveltan er hluti þess að vinna með menningararfinn. Í veröld tónlistarinnar eru eftirgerðir, stæling og bræðingur hluti af sjálfri menningarhefðinni og þess vegna er þessi þáttur í söfnun efnis e.t.v. ekki svo áhættusamur. Hins vegar eru höfundaréttarlög umfangsmikil í stafrænu umhverfi og setja þessari aðferð óhjákvæmilega nokkrar skorður. Höfundarréttur snýr ekki eingöngu að gefandanum sem leggur til efnið heldur þarf safnið einnig að glíma við þá spurningu um hvort eignarhald þess nái til innsenda efnisins: Verður eignarhald safnsins óskorðað líkt og hefur tíðkast með safngripi? Á Rokksafnið allt efni sem bætist í safneign þess, og ef ekki, hver þá?

Danmerkurkort rokksögunnar hefur vegna þessa hrundið af stað umræðu innan menningarheimsins og vakið eftirtekt.

### Bátar í beinni í Noregi

Dagny Stuedahl, prófessor við Umhverfis- og náttúruvísindasvið Oslóarháskóla, sagði frá mismunandi verkefnum þar sem slegið er saman stafrænni heimildaröflun og miðlun strax frá upphafi. Grunnstefið var að söfn teygi sig út fyrir veggina. Miðlun safna er ætlað að dreifa sér til þjóðfélagsþegna í auknum mæli og ná til breiðari hóps. Það er ekki nóg að vera með vefsíðu enda munu flestar heimsóknir á vefsíður safna vera til að finna opnunartíma eða staðsetningu safns. Vefsíða er því sjaldnast vettvangur menningarmiðlunar. Áhugaverðustu verkefnið sem Dagny sagði frá voru um forvörslu og endurgerð báta og skipa í Noregi þar sem upplýsingum var miðlað með stafrænum hætti. Ósnertanlegur menningararfur (menningararfðir), líkt og verklag við byggingu báts, er tilvalið efni til miðlunar með stafrænum hætti þar sem það er ekki sjálfur gripurinn sem er aðalatriðið heldur aðferðir og verklag við byggingu hans sem er heillandi fyrir gestinn. Framvindu forvörslu og endurgerðar þriðja Gaukstaðsskipsins frá víkingaöld var frá upphafi fylgt í vefmyndavél á sérstakri heimasíðu. Enn ríkari miðlun var hrundið af stað af Norska sjóminjasafninu í Osló við endurgerð bátsins Barcode 6 árið 2010. Gestir gátu fylgst með framgangi verksins bæði á vefsíðu, á bloggi og facebooksíðu undir heitinu Båtlaben. Vefmiðlun um framvindu verksins var tímafrek en með henni opnaðist gátt inn í veröld forvörslunnar. Reynslan af Barcode 6 sýndi að fagmaður vandar sig mikið við miðlun á vefsíðu og bloggi. Sú vandvirkni getur mögulega verið sem veggur fyrir aðgengi fólks að upplýsingum. Það kom nefnilega í ljós að facebook síða verkefnisins lifir lengst og er uppfærð oftast. Krafa um fagleg vinnubrögð safna er jafnmikil



og áður ef ekki meiri því safnmaður missir að hluta vald yfir efninu þegar notandi deilir stafrænt. Almennigur raðar saman upplýsingum og velur þannig sinn sannleika og hvað honum finnst mest um vert. En þrátt fyrir að miðlunin nái til stærri hóps, gætu einhverjir setið eftir því ekki allir þekkja til slíkrar gagnvirkni. Dagny setti fram þá skoðun að hlutverk safna fælist helst í að meta hæfni gripa til miðlunar. Sérfræðingar á sviði safna munu í ríkara mæli leggja mat á vægi og gildi grips út frá styrk hans til miðlunar handa almenningi, gestum og samfélaginu sem safnið þjónar. Upp úr stendur að safnið er og verður áfram mikilvægt í því að varða vegar slóðann fyrir almenning inn að safneigninni þó að miðlunarvaldið gæti færst út fyrir safnið og orðið með því fjölbreyttara og víðsýnna.

### Grisjun á Íslandi

Í öllum fyrirlesturum ráðstefnunnar var rætt um val og vægi gripa og grisjun virtist óumflýjanleg. Á fyrsta ráðstefnudegi höfðu safnmenn hist í vinnusmiðjum undir mismunandi þemum. Grisjunarhópurinn var mjög fjölmennur og virkur sem sýndi fram á mikilvægi málefnsins. Í framlagi Íslands var sjónum beint að grisjun með hjálp gagnagrunnsins Sarps en Helga Maureen Gylfadóttir, verkefnastjóri sýninga á Borgarsögusafni Reykjavíkur, fór yfir þau atriði sem eru í deigluinni. Með tilkomu Sarps hefur grisjun safnkosts færst í breinnidepil safnmanna á Íslandi. Grisjun miðast ávallt að því að fækka gripum, sem samstaða er um að hafi ekki varðveislugildi en það getur verið flókið að komast að þeirri niðurstöðu. Helga Maureen kynnti þá leið sem lögbundin er í íslenskum safnalögum þar sem ákvörðun um grisjun skal hljóta lokasamþykki höfuðsafsins í hverjum málaflökki. Sarpur veitir yfirsýn á varðveittum safnkosti á Íslandi og skapar forsendu fyrir faglegri grisjun safngripa á Íslandi. Hömlulútil söfnun heyrir sögunni til. Þegar kemur að



samtímasöfnun á Íslandi mun stafræn skráning gripa með ljósmyndun, viðtölum og greiningu á notkun þeirra auðvelda röksemdarfærslu „með eða á móti“ langtímavarðveislunni. Stafræn skráning mun einnig auðvelda faglega grisjun á safnkosti. Stefnumótun í grisjun hér á landi og í öðrum löndum er enn að slíta barnskónum. Helst er verið að finna leiðir og úrræði til að gera grisjun markvissa og Helga kynnti nokkrar þeirra. Söfn virðast almennt glíma við erfiðleika í ákvarðanatökum um grisjun eða förgun. Þetta kom fram í vinnusmiðju og eina stóra grisjunarverkefnið sem þátttakendur heyrðu af og þar sem einhverju var fargað virtist vera sænskt stólasafn frá 20. öld. Á þessum umræðuvettvangi vöktu strangar reglur á Íslandi eftirtekt, þar sem annarstaðar á Norðurlöndum virtist ríkja mikið sjálfræði í grisjun.

### Að lokum

Öll áhersluatriði ráðstefnunnar eru safnafólki kunnugleg en augljóst er að nú er komin reynsla á ýmis verkefni, sem þróast hafa síðustu áratugi. Krafa um skilvirkni, samstarf og samhæfingu er algild. Stafræn skráning og safnvinna þar sem unnið er með samtímann er orðin ríkari þáttur í safna-

starfi en áður og áherslur fagfólks skerpast. Örvænting yfir breyttum tímum er horfin og safnaheimurinn tekur skref í átt að meira samstarfi við samfélagið en áður.

Ráðstefnuna sóttu ríflega 100 manns frá Finnlandi, Eistlandi, Svíþjóð, Noregi, Danmörku og voru þar átta safnmenn frá Íslandi. Norræna ráðherranefndin, finnska menntamálaráðuneytið, Þjóðminjasafn Finnlands og TAKO, samtök finnskra safna um samtímasöfnun, í samstarfi við Norsam stóðu að ráðstefnunni. Norsam er netverk um samtímasöfnun á Norðurlöndum sem hvetur safnmenn til samstarfs og aukinnar þekkingar og samtímalegra leiða í safnastarfi. Samhæfingarhóp Norsam skipa tíu manns, tveir frá hverju landi og fulltrúar Íslands eru Lilja Árnadóttir frá Þjóðminjasafni Íslands og Linda Ásdísardóttir frá Byggðasafni Árnésinga.

Linda Ásdísardóttir, safnafræðingur og safnvörður á Byggðasafni Árnésinga

# Vonir um Mótorhjólasafn Íslands

Á smágerðum platta sem hangir uppi á vegg í svartmáluðu sýningarrými Mótorhjólasafns Íslands á Akureyri er að finna lítið glerhylki með tönn úr Heiðari Þ. Jóhannssyni. Yfir glerhylkinu er áletrun sem á stendur: „Heiðar Þ. Jóhannsson. Framtíðar jólasveinn. 1965–1995.“ Undir plattanum er svo miði með eftirfarandi upplýsingum á þremur tungumálum, íslensku, ensku og þýsku: „DNA úr Heidda ef einhver vill klóna. Með vinarkveðju og minningum, Ólafur Sveins – 2011.“ Þó svo að tönnin úr Heiðari sé sýnd á Mótorhjólasafni Íslands með kæruleysislegum hætti, gefur hún tilefni til alvarlegrar ígrundunar. Tönnin minnir á hugmyndir um söfn sem grafhýsi og helgistaði mikilvægra einstaklinga. En söfn eru oft stofnuð í nafni ákveðinna einstaklinga og þar með álitin einstakonar framlenging á ævi þeirra, störfum og vonum.

Söfnin eru oft kennd við einstaklinginn og sýna persónulega muni sem hann hefur látið eftir sig eins og klæðnað, húsgögn eða annan af rakstur af þeirri vinnu sem hann/hún kom að. Í þeim tilvikum þar sem söfn eru slíkir helgistaðir einstaklinga og starfa í anda þeirra, leikur vonin stórt hlutverk. En vonir Heiðars Þ. Jóhannssonar – og einnig Ólafs Sveins – eru megindrifkrafturinn fyrir stofnun og rekstri Mótorhjólasafns Íslands.



## Söfn og vonir

Í þriggja binda verki þýska heimspokingsins Ernst Bloch, *The Principle of Hope*, gerir Bloch vonina að umfjöllunarefni. Hann heldur því fram að vonin gegnsýri hversdagslega vitund fólks og birtingamyndir hennar. Bloch telur einstaklinginn alltaf ófullgerðan, en að hann lifi í draumi um fullkomnun, um betra líf. Von er tilfinning sem stækkar fólk í stað þess að afmarka það. Um leið veit fólk ekki nándar nærri nóg til þess að þekkja markmið eigin vona eða hvað er mögulegt að tengja við þær. Hið sama má segja um hluti. En í draumum felast vonir sem eru settar fram í ýmsum myndum eins og ljóðum, bókmenntum, byggingum. Í þessu samhengi má líta til þess sem Bloch segir um söfnun og söfn. Sam-

væmt Bloch dregur söfnun saman, heldur öllu til haga og vegur salt á mörkum ástríðu og græðgi. Safnarninn stefnir að fullkomnun í starfi sínu, að eignast samstæðu eða sett af því sem hann safnar.

## Mótorhjólamenning og vonir

Ímynd mótorhjólafólks og frásagnir af því hér á landi hafa tekið breytingum frá því að fyrstu hjólin komu til landsins upp úr aldamótunum 1900. Upp úr 1960 fer að bera á blaðaskrifum um erlend mótorhjólageni eins og Hells Angels og aðallega fyrir félagslega óhlýðni, ofbeldi og glæpsamlega hegðun. Í blaðaumfjöllun um kvikmyndina „Í vígahug“ sem sýnd var í Sjónvarpinu árið 1970, þar sem Hells Angels eru fyrirmynd, segir að mótor-

hjólagengi í myndinni sé „einmuna ógeðslegt fyrirbrigði“, meðlimirnir séu illræmdir og „ofbeldishneigður undirmálslyður, sem flakkar um á mótörhjólum.“ Af þessu dæmi má greina viðhorf til mótörhjólafólks sem ógn við ríkjandi þjóðskipulag sem beri að uppræta. En dæmið er líka lýsandi fyrir birtingamyndir vona í tengslum við mótörhjóla og mótörhjólamenningu: Vonir erlendra mótörhjólagengja um tiltekinn lífsstíl og vonir yfirvalda um að sporna við neikvæðum áhrifum mótörhjólagengja. Þær vonir má að einhverju leiti heimfæra upp á aðstæður hér á landi, þar sem umræða um mótörhjólamenningu er tengd frelsishugmyndum mótörhjólamanna og glæpastarfsemi.

### Vonir og Mótörhjólasafn Íslands

Í kjölfarið á fjármálahruninu haustið 2008 var hafist handa við byggingu Mótörhjólasafns Íslands á Akureyri. Framkvæmdin við nýbygginguna hófst í janúar 2009 og opnaði safnið dyr sínar fyrir gestum þann 15. maí 2011, á afmælisdegi Heiðars Þórarins Jóhannssonar, Heidda. Heiddi var fæddur 15. maí 1954 á Akureyri og bjó þar alla sína tíð. Hann var forfallinn áhugamaður um mótörhjóla og átti mörg þeirra sem mynda kjarnann í safnkosti safnsins. Heiddi lést í mótörhjólaslysi 2. júlí 2006 en ári síðar tóku vinir og vandamenn sig til og einsettu sér að koma safninu á laggirnar. Heiddi var einn af stofnendum Bifhjólasamtaka lýðveldisins, Sniglanna, sem er mótörhjóla klúbbur stofnaður 1. apríl 1984. Tilgangur klúbbsins er að koma á samstarfi bifhjóla fólks, gæta hagsmuna þeirra og hvetja almennt til ánægjulegrar bifhjólamenningar. Heiddi fékk númerið 10 í félagatali samtakanna og var virkur í klúbbum all til dánardags. Fyrir störf sín fékk Heiðar heiðursverðlaun Sniglanna árið 2002. Hollvínasamtök Mótörhjólasafnsins, Tían, fékk heiti sitt af þessu númeri Heidda í Sniglunum, en meðlimir Tíunnar vinna að því að stuðla að uppbyggingu safnsins.

### Samtíminn og tími vonar

Skömmu áður en Mótörhjólasafn Íslands opnaði dyr sínar fyrir almenningi birtist viðtal við einn af forkólfum verkefnisins, Jóhann Frey Jónsson, í Morgunblaðinu. Í viðtalinu segir að Heiddi hafi þekkt marga og að hann hafi verið „bóngóður með afbrigðum“, en hann veitti fólki gistingu heima hjá sér eða aðstoðaði gesti með mótörhjólið sitt ef þau áttu leið um Akureyri. Vegna þessa telur Jóhann Frey að mörgum hafi runnið blóðið til skyldunnar að koma að uppbyggingu safnsins, en „gamli Sniglar og aðrir hjólafélagar“ lögðu verkefninu lið með því að gefa vinnu sína eða veita ríflegan afslátt af efniskostnaði. Samkvæmt Jóhanni Frey hefði tímasetningin á byggingu safnsins líklega ekki getað verið heppilegri þar sem hafist var handa stuttu eftir fjármálahrunið 2008. Hrunið hafði þær afleiðingar að byggingaframkvæmdir svo til stöðvuðust í landinu og fjölmargir urðu atvinnu- og verkefnalausir, ekki síst iðnaðarmenn. Tímasetningin á byggingu safnsins er mikilvæg í þessu samhengi, en í kreppunni sjálfri og í kjölfar hennar komu vonir fólks sterkt í ljós og kannski er það eitt helsta einkenni þessa tímabils.

### Vonir Heidda og safnið

Mótörhjólasafn Íslands er stofnað í minningu Heidda af ættingjum og vinum hans, en þeir hafa haldið því fram að safnið sé draumsýn Heidda. Ég ræddi við nokkra aðstandendur verkefnisins og orðar einn viðmælandi minn það svona er ég spurði út í upphaf safnsins:

„allir vissu af þessum draumi hans að stofna þetta safn. Ég hjálpaði honum t.d. tveim þrem mánuðum áður en hann dó [...] að gera tilboð í hús þar sem hann ætlaði að setja svona upp smá kaffihús og safn. Hann var kominn það langt. Hann var mjög alvarlega farin að hugsa um þetta. Og við eiginlega tókum við boltanum, ég og fleiri í fjölskyldunni sem bara ákváðum að þetta yrði bara gert. [...] Fyrst er bara undirbúningsvinna, spáð í hvað er best að

gera og á þessum tíma er bara ekkert hentugt húsnæði til sölu á Akureyri. Ekkert nálægt því nógu hentugt í þetta. Þetta er 2007–2008.“

Í samtalinu kom fram að þrátt fyrir „að allir hafi vitað af draumi Heidda“, náði sú vitneskja ekki til sumra forsvarsmanna innan bæjarfélagsins sem stóðu í vegi fyrir að safninu yrði komið á fót. Ef lítið er á Mótörhjólasafn Íslands sem framfengingu á vonum Heidda má spyrja hvaða þýðingu það hefur fyrir frekari uppbyggingu Mótörhjólasafns Íslands? Á sama tíma og fjölmargir sem þekktu til Heidda koma að stofnun og starfsemi safnsins, þá er þekking þeirra á vonum sem Heiddi bar í brjósti um mótörhjólasafn misjöfn: Fjölskylda hans, nánustu vinir, kunningjar og núna almenningur gera sér ólíkar hugmyndir um það hverjar þessar vonir Heidda voru og hvaða þýðingu þær hafa fyrir safnið.

### Lokaorð

Hugmyndir Ernst Bloch um vonina eru gagnlegar til greiningar á söfnun og safnastarfi. Þær gefa tækifæri til þess að kafa djúpt inn að kviku mannsins og eita svara við því hver sé aflvaki og drifkraftur hans til verka. Öll söfn eru afurð vona; vona um að minningum sé haldið á lofti, vona um að gestir geti tileinkað sér þekkingu, vona um að söfn hafi jákvæð áhrif á samfélagið sem safnið er hluti af og vona um að hafi góð áhrif á sjálfsmynd gesta sinna, svo eitthvað sé talið. Vonir Heidda um mótörhjólasafn hafa eftirmenn Heidda tileinkað sér og hún hvetur þá áfram í starfi fyrir safnið. En þær vonir eru aldrei fullkomnaðar; það er alltaf eitthvað eftir að gera í safnbyggingu Mótörhjólasafnsins og það er alltaf eitthvað mótörhjóla sem vantar í safnið. Tönnin í minningarherberginu um Heidda er því fyrirheit um kjarnann í starfi Mótörhjólasafns Íslands.

---

Sigurjón Baldur Hafsteinsson,  
prófessor við Háskóla Íslands

# Sjónarhorn



Sýningin Sjónarhorn í Safnahúsinu við Hverfisgötu er grunnsýning í sjónrænum menningararfi Íslendinga en þar eru sýnd verk í eigu Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands, Náttúru-minjasafns Íslands, Þjóðskjalasafns Íslands, Landsbókasafns-Háskóla-bókasafns og Stofnunar Árna Magnússonar. Þjóðminjasafnið sér um rekstur hússins. Samstarf þessara sex stofnana býður upp á einstakt tækifæri til að skoða arfleifðina í nýju samhengi og varpa ljósi á ósagða sögu með nýstárlegum hætti.

Í byrjun árs 2016 hófst samstarf á milli Þjóðminjasafns Íslands, sem rekur sýninguna Sjónarhorn í Safnahúsinu við Hverfisgötu, og listkennsludeildar Listaháskóla Íslands um dagskrá fyrir fjölskyldur í tengslum við Sjónarhorn. Um nokkurt skeið hefur samkomulag verið um að tónleikar nemenda við tónlistardeild Listaháskólans fari sumir fram í sal Safnahússins og út frá því kviknaði sú hugmynd að hægt væri að útvíkka samstarfið og fá nemendur frá fleiri deildum Listaháskólans í húsið að fjölbreyttari verkefnum sem nýttu st bæði þeim sjálfum við námið og Þjóðminjasafninu við miðlun sýningarinnar Sjónarhorna.

Svo fór að stjórnendur listkennsludeildar buðu nemendum þann valkost að vinna hagnýtt, sjálfstætt verkefni til eininga á yfirstandandi vorönn í samstarfi við safnfræðslu-fulltrúa Þjóðminjasafnsins. Ætlun Þjóðminjasafnsins var að bjóða upp á barnvæna dagskrá í Safnahúsinu einu sinni í mánuði og yrði verkefnið liður í því. Verkefnið skyldi felast í hönnun, skipulagningu og framkvæmd dagskrár fyrir fjölskyldur í tengslum við sýninguna Sjónarhorn. Nemandi hafi frjálssar hendur við þróun hugmynda og framkvæmd hennar í samstarfi við safnkennara Þjóðminjasafnsins.

Skemmst er frá því að segja að tvær reyndar konur úr myndlist og hönnun, langt komnar með sitt nám til kennsluréttinda, tóku höndum saman um verkefnið og hafa í sameiningu skipulagt skemmtilegar og fjölbreyttar fjölskyldusmiðjur í Safnahúsinu fram á vor. Þetta eru þær Kristín Þóra Guðbjartsdóttir og Arite Fricke sem báðar hafa reynslu af skipulagningu listsmiðja og höfðu úr ríkum hugmyndabanka að móða við mótun smiðjanna. Þær mátuðu sína fyrri reynslu af skapandi smiðjum við ýmis þemu sem sýningin Sjónarhorn felur í sér og lögðu til fjórar ólíkar smiðjur, eina í mánuði, frá febrúar og fram í maí:



**21. febrúar. Sendibréfasmiðja**  
**20. mars. Galdrastafasmiðja**  
**17. apríl. Landakortasmiðja**  
**22. maí. Flugdrekasmiðja**

Þegar þetta er skrifað eru tvær smiðjur að baki; sendibréfasmiðja og galdrastafasmiðja. Í þeirri fyrri, sem fékk yfirskriftina Dularfull sendibréf, leiðbeindu Kristín Þóra og Arite börnum og fullorðnum fylgifyskum þeirra um gerð sendibréfa sem leyndu á sér, en ógnvænlegar og dularfullar kynjaskepnur spretta fram þegar bréfin eru opnuð! Í þeirri seinni, sem nefndist Kyngimögnum galdrastafasmiðja, leiðbeindu þær um gerð góðra óska í formi galdrastafa. Eldfornir eða uppskáladaðir galdrastafir voru rissaðir eða stimplaðir á blöð og hengdir á nýklyptar trjágreinar sem lifna við með vorkomunni líkt og óskirnar! Til skrauts voru málaðar glerperlur og fjaðrir.

Kynjaskepnubema sendibréfasmiðjunnar endurspeglar efni á Sjónarhornum sem fjallar um Þjóðsagnaarfinn, svo sem kynjaskepnur og aðrar verur úr Þjóðsögum, og hugmyndir fyrri tíma kortagerðamanna um lífríki sjávar, svo dæmi séu tekin. Hvað varðar galdrastafasmiðjuna þá eru galdrabækur til sýnis á Sjónarhornum og handrit með svokölluðum hjálparhringum Karlamagnúsar; sem vernda átti þann

sem það bar við tilteknum áföllum. Þannig geta þátttakendur í smiðjum sótt innblástur beint í viðkomandi þema í sýningarsölum sem gefur smiðjunum ákveðið samhengi sem gaman er að vinna út frá.

Hinar skapandi fjölskyldusmiðjur hafa heppnast vel og hleypt auknu lífi í Safnahúsið þá sunnudaga sem þær hafa farið fram. Börnin hafa verið á ýmsum aldri og hlutfall barna og fullorðinna í hverri samvinnueiningu breytilegt. Sumir stoppuðu stutt en aðrir nýttu allan tímann. Þessi fyrsta tilraun til útvíkkaðs samstarfs milli Listaháskólans og Þjóðminjasafnsins lofar mjög góðu, enda einstaklega hæfileikaríkir, reyndir og skapandi nemendur sem gáfu sig fram til verkefnisins á þessari önn. Kviknað hafa hugmyndir um hvernig hægt væri að víkka samstarf Þjóðminjasafnsins og Listaháskólans enn frekar svo það nái einnig til útskriftarsýninga, rannsóknna nemenda, fræðslu fyrir nemendur og ýmissar verkefnavinnu sem starfsemi Þjóðminjasafnsins kann að bjóða nemendum upp á.

Fjallað hefur verið um sýninguna í fyrri tölublöðum Kvists.

Jóhanna Bergmann, safnfræðslu-fulltrúi Þjóðminjasafns Íslands

# Hundrað ára afmæli Skandinavísk Museumsforbund 2015

Stofnfundur Skandinavísk Museumsforbund (Skandinavíska Safnasambandsins) var haldinn í Kaupmannahöfn þann 21. september 1915 í Kunstindustrimuseet, nú Designmuseum Danmark. Tilgangurinn með stofnun sambandsins var að tryggja nánara samstarf og tengsl safna á Norðurlöndum sem á þeim tíma höfðu verið í alþjóðlegu samstarfi við helstu söfn á meginlandi Evrópu. Þau tengsl rofnuðu vegna stríðsátaka fyrri heimsstyrjaldar (1914–1918). Skandinavíska safnasambandið er meðal elstu starfandi félaga innan norræna mennigargeirans.

Hugtakið *skandinavismi* á rætur sínar að rekja til hugmyndafræðilegra hræringa á miðri nítjándu öld þegar unnið var nánar að menningarlegu og stjórnmálalegu samstarfi milli skandinavísku landanna: Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur. Finnland var á þeim tíma hluti af stórrússneska furstadæminu og Ísland tilheyrði Danmörku. Á stjórnmálasviðinu má sem dæmi nefna að bæði sænskir og norskir sjálfboðaliðir studdu Dani í stríðinu við Þjóðverja 1848–51 og aftur 1863–1864. Það var þó ekki fyrir en að lokinni seinni heimsstyrjöldinni, með stofnun Norðurlandaráðsins árið 1952, að hugmyndir um menningar- og stjórnmálatengsl milli Norðurlandanna festu sig í sessi.

Þátttaka Íslands í Skandinavíska Safnasambandinu hófst árið 1925 en þá tók þáverandi þjóðminjavörður Matthías Þórðarson þátt í fundi sambandsins í Helsingfors. Sem fundarstjóri lagði hann fram tillögu þess efnis að næsta ráðstefna yrði haldin á Íslandi árið 1928. Það var þó ekki fyrir en árið 1971 að Ísland bauð til ráðstefnu og af því tilefni var stofnuð Íslandsdeild sambandsins. Íslandsdeildin stóð fyrir ráðstefnum hér á landi en frá upphafi hafa Norðurlöndin skipst á að halda ráðstefnur á þriggja ára fresti. Þar hefur verið fjallað um málefni safna í viðkomandi landi og starfsemi safnanna kynnt. Á Íslandi hafa þrisvar verið haldnar ráðstefnur 1971, 1985 og 2002. Danska deildin hefur staðið fyrir níu ráðstefnum, Svíþjóð tíu, Noregur átta, Finnland sex og Færeyjar tveimur.

Fljótlega eftir stofnun Íslandsdeildar sambandsins, eða um 1981, kom til álita að sameina deildina Félagi íslenskra safna og safnmanna, FÍSOS. Ekki varð úr því á þeim tíma þó ekki væri andstaða þar um meðal annarra deilda Norðurlandanna. Að mati safnmanna á Íslandi þóttu inntökuskilyrði félaganna ekki samræmast. Það var svo á aðalfundi FÍSOS á Hvolsvelli haustið 2009 að Íslandsdeild Skandinavíska Safnasam-

bandsins var sameinuð FÍSOS í þeim tilgangi að styrkja Íslandsdeildina og starfsemi hennar. Um leið afhenti stjórn deildarinnar umtalsverða fjárhæð til FÍSOS með því skilyrði að fénu skyldi varið í að styrkja félagsmenn til þátttöku í ráðstefnum Skandinavíska Safnasambandsins. Stjórnina skipuðu Guðný Gerður Gunnarsdóttir, formaður, Lilja Árnadóttir, ritari, og Birgitta Spur, gjaldkeri. Í framhaldinu tóku Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður og Helga Vollertsen, sérfræðingur hjá Þjóðminjasafni Íslands þátt í ráðstefnu sambandsins í Færeyjum árið 2010 en í kjölfar stjórnarskipta hjá FÍSOS á undanförunum árum hafa tengslin við sambandið rofnað. Þetta má e.t.v. útskýra með því að starfsemi Skandinavíska Safnasambandsins er ekki vel þekkt meðal yngri kynslóða íslenskra safnmanna. Fulltrúar Íslands sátu hins vegar hátíðarfund sambandsins árið 2015 og gefst nú kjörið tækifæri til að taka upp þráðinn að nýju og efla samstarfið.

Í tilefni af 100 ára afmæli Skandinavísk Museumsforbund var boðið til hátíðarfundar í Þjóðminjasafni Danmerkur í Kaupmannahöfn dagana 27.–29. ágúst 2015. Þátttakendur voru samtals fimmtíu safnmenn frá öllum Norðurlöndum nema Grænlandi. Þátttakendur frá Íslandi voru

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður og Birgitta Spur, fyrrverandi safnstjóri Listasafns Sigurjóns Ólafssonar. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Nyt nordisk museumsbegreb“ og var ráðstefnan sett fimmtudaginn 27. ágúst með ávarpi danska þjóðminjavarðarins Per Kristian Madsen og lagði hann áherslu á mikilvægi þess að söfn vinni í samtímanum með efni frá fortíðinni sem á að miðla til framtíðar. Formaður dönsku deildarinnar, Henning Lindberg, deildarstjóri minjasafnsins Den Gamle By i Århus kynnti fyrsta fyrirlesarann, prófessor Hanne Sander frá hjáskólanum í Lundi. Hún fjallaði um „Ideal og virkelighed – det nordiske i historien og i dag“ og ítrekaði að með því að kynnast nágrannaþjóðum á Norðurlöndum kynnumst við betur eigin þjóð. Axel Christophersen, prófessor við NTNU (Norges teknisk naturvidenskabelige universitet) Þrándheimi, gerði að umtalsefni þörfina fyrir að miðla þjóðmenningu viðkomandi landa til vaxandi fjölda innflytjenda og að söfnin yrði að vera menningarlegur vettvangur fyrir fjölbreytni. Hann lagði ríka áherslu á að öll miðlun ætti að byggjast á rannsóknnum.

Á öðrum degi fór fram sérstaklega minnisvert erindi sem flutt var af Sanne Houby-Nielsen, safnstjóra

Nordiska Museet sem staðsett er á Skansen í Stokkhólmi: „*Nordiska Museet i en foranderlig verden: Nye tider – nye udfordringer*“. Hún sagði frá þeirri reynslu sinni að hið norræna (e. Nordic) og norrænn menningararfur vekti áhuga ferðamanna. Hún benti einnig á þá staðreynd að fimmti hver Svíi væri af erlendum uppruna og að það gerði kröfur um nýjar aðferðir við að miðla norrænum menningararfi í nýju samhengi. Ennfremur hafði hún orð á því að þetta ætti í raun við Norðurlöndin almennt.

Þennan sama dag var haldinn stórfundur allra deilda þar sem ritstjóri veglegs afmælisrits sambandsins Inge Adriansen frá safninu Sønderborg Slot á Jótlandi gerði grein fyrir bókinni sem ber heitið *Kulturel nordisme i hundrede år*. Ítarlegar greinar eru um hina þrjá stofnendur sambandsins ásamt skýrslum og kveðjum frá öllum Norðurlandadeildum. Greinina um starfsemina á Ísland nefnist *Íslands deltagelse i Skandinavisk Museumsforbund* og rituð af Þór Magnússyni, Lilju Árnadóttur og undirritaðri. Síðan flutti hver einstök deild skýrslu um starfsemi sína og Birgitta Spur færði kveðjur frá Íslandi og lýsti gjörningnum á Hvolsvelli 2009 með sameiningu íslandsdeildarinnar við FÍSOS sem tilraun til að styrkja starfsemina. Fyrir hönd Íslandsdeildar lagði undirritað

til að nafni sambandsins yrði breytt í Nordisk Museumsforbund, tillaga sem hefur verið borin upp áður en ekki náð fram að ganga og lýsti því yfir að afmælisritinu yrði dreift til safna og safnmanna á Íslandi.

Frá upphafi varð öllum þátttakendum ljóst að framtíð sambandsins yrði ráðin á þessum fundi, því undanfarin ár hefur það reynt erfitt að afla nýrra félaga meðal yngra safnafólks. Danir sóttu það fast að halda starfinu áfram og Norðmenn og Finnar voru sérstaklega áhugasamir og gátu sagt frá mikilli grósku innan deilda sinna og tilgangi nýrra félaga. Það ríkti því mikil gleði þegar fundurinn samþykkti einróma að halda starfinu áfram, að breyta nafni sambandsins í *Nordisk Museumsforbund- Norræna Safnasambandið* og að gera safnaaðild mögulega, en hingað til hefur félagsaðild verið bundin við einstaklinga.

Að lokum var tilkynnt að finnska deildin bjóði til næstu ráðstefnu í Helsingfors árið 2018.

---

**Birgitta Spur,**  
fyrrverandi safnstjóri Listasafns  
Sigurjóns Ólafssonar

# Áskoranir safna við varðveislu kvikmynda

Vitundarvakning varð á fjórða áratug liðinnar aldar um að þörf væri á að safna kvikmyndum og forverja á safni því stór hluti þeirra mynda sem framleiddar höfðu verið, fram að þeim tíma, voru laskaðar eða hafði hreinlega verið fargað. Á Vesturlöndum spruttu upp kvikmyndasöfn sem sín á milli stofnuðu Alþjóðleg samtök kvikmyndasafna, FIAF, í tilraun sinni til að halda á lofti kvikmyndamenningu heimsins. Samtökin hafa staðið fyrir rannsóknnum á forvörsluaðferðum í meira en 70 ár fyrir hliðrænar (e. analog) kvikmyndir ásamt því að setja fram leiðbeinandi vinnureglur og staðla þar að lútandi eftir því sem tækni hefur breyst í árána rás. Góður árangur hefur náðst við varðveislu á filmuefni sem hægt er að varðveita í árhundruði ef rétt er að málum staðið og notast við hita- og rakastýrðar geymslur. Lengi stóðu vonir til þess að filmukvikmyndir yrðu áfram til sem a.m.k. valkostur en nú er liðinn áratugur síðan stafræna tæknin tók algerlega yfir kvikmyndaiðnaðinn og framleiðsla filmu í heiminum er á hröðu undanhaldi.

Varðveisla kvikmynda snýst ekki lengur um að viðhalda ástandi hlutar

heldur er um langtíma ferli að ræða sem miðar að því að veita viðnám gegn úreltingu gagna og grundvallast á þekkingu við gagnaflutning. Sérfræðingar á söfnum verða í æríkara mæli að treysta á tölvunarfræðinga til þess að geta sinnt forvörslustarfinu sem dregur fram nauðsyn þess að mennta sérstaka forverði á sviði stafrænnar varðveislu. Þegar eru farin að bjóðast þjálfunarnámskeið, allt frá einstökum námskeiðum til mastersnáms, en þörfin fyrir aðra sérhæfða þekkingu kvikmyndasafnvarða er enn til staðar.

Stafræn varðveisla kvikmynda í samtímanum er í grunninn tvískipt. Annars vegar eru það nýjar og nýlegar myndir sem framleiddar eru með stafrænni tækni og þarf að varðveita sem slíkar. Hins vegar er um að ræða yfirfærslur af hliðrænu efni á stafrænt form. Yfirfærsla á stafrænt form er mjög kostnaðarsöm og tímafrek en á hana er lögð áhersla t.d. í skýrslu Evrópusambandsins: Áskoranir á stafrænum tímum fyrir kvikmyndaarf. Yfirlýst markmið skýrslunnar er að koma 120 ára kvikmyndsögu heimsins á læsilegt snið og veita almenningi með því aðgang að menningarleg-



um arfi sínum. Skýrsluhöfundar gera ráð fyrir að kvikmyndaarfur á filmuformi verði ekki aðgengilegur í framtíðinni nema hann verði yfirfærður á stafrænt form en draga ekki dul á að fjárskortur hamlar slíkum markmiðum og kemur til með að verða stigvaxandi. Hverju sem því líður verða filmurnar, eftir sem áður, varðveittar.

Starfshópar FIAF vinna nú að nýjum forvörsluleiðum því stafræn tækni líður fyrir stuttan líftíma miðla og hraða úreltingu tækja og hugbúnaðar. Enn skortir áreiðanlegar aðferðir til langtíma varðveislu gagnanna og að hafa á sama tíma aðgengi að upprunaleika þeirra, með síbreytilegum hætti, nýjum og hraðari. Helstu úrræði sem eru fyrir hendi snúa að notkun viðurkenndra og samræmdra staðla auk lýsigagna sem saman ná utan um tilurð gagnanna, geymslu þeirra og viðhald, notkun og endurnotkun þeirra í framtíðinni. FIAF mælir með notkun OASIS staðlakerfisins ISO 14721:2012, auk ISO 16363 við varðveisluna sem mætir þörfinni fyrir að henda reiður á gífurlegt gagnamagn og byggir á Trustworthy Repositories Audit and Certification (TRAC) – kerfi sem




miðar sjálft sig við fyrirfram gefinn gátlista. Í OAS eru ekki settar fram sértækar lausnir og aðferðir eða forrit nauðsynleg varðveislunni en kerfið hæfir bæði litlum og stórum söfnum. Þó ekki væri annað, þá er OAS leið fyrir kvikmyndasöfn til að meta hversu vel þau uppfylla lágmarks staðla við stafræna varðveislu. Kerfið krefur notandann til þess að ganga frá samningum milli varðveisluaðila og afhendara, huga að réttindamálum og uppruna gagna svo safnið hafi yfir að ráða öllum upplýsingum sem þarf fyrir langtíma varðveislu. Söfnunarstefna verður að liggja fyrir. Auk þess skuldbindur safnið sig til að skjalfesta verklagsreglur flæðillínu til að tryggja að gögnin séu varðveitt með sanngjörnum hætti,

að þeim sé haldið í sinni upprunalegu mynd, eða þeirri sem má rekja til upprunaleika og að þau séu gerð aðgengileg notendasamfélagi. Svona utanumhald er mjög mikilvægt í tvennum skilningi. Annars vegar treystir það samband samningsaðila því afar auðvelt er að afrita stafræn gögn og því nauðsynlegt að siðareglur séu virtar. Hins vegar eru stafræn gögn mjög viðkvæm og þarf safnið að framkvæma nákvæma skoðun strax við móttöku gagnanna til að athuga hvort þau séu rétt greind svo að bæði sé hægt að nálgast þau og að þau virki í afspilun síðar.

Þrátt fyrir að það séu margar leiðir til að framleiða stafrænar myndir mælir FIAF eindregið með því að

söfnin takmarki sig við móttöku á þremur gerðum skráa þ.e. Digital Source Master (DSM), Digital Cinema Distribution Master (DCDM) og opið Digital Cinema Package (DCP). Digital Source Master (DSM) er ekki skilgreint eftir stöðlum og getur verið allt frá einni samsettri mynd með hljóðupptöku til mun flóknari samsetningar á t.d. Digibetu eða HD bandi. Þetta er þó ekki nauðsynlega endanleg útgáfa myndarinnar eins og hún mun birtast í kvikmyndahúsi. Digital Cinema Distribution Master (DCDM) eru í raun nokkrar skrár notaðar til að framleiða stafræn sýningaeintök fyrir kvikmyndahús og eru því sambærilegar við filmunegatíf í hliðrænni kvikmyndagerð. DCDM er sniðið eftir skil-





greindum stöðlum en þó er nokkur sveigjanleiki við gerð þeirra svo þær geta verið mismunandi. Myndin er óþjöppuð og því getur skráin verið mjög stór, jafnvel nokkur terabæti. DCDM skrárnar eru ekki dulkóðaðar. Stærðar sinna vegna er DCDM yfirlieitt ekki til nema á geymsluformi (e. intermediate step) þ.e. sem skref á milli DSM og DCP. Hluti af DCDM er opið DCP, nokkuð sem t.d. OASIS kerfið myndi fara fram á. Digital Cinema Package (DCP) er stafrænt eintak fullbúinnar myndar með unninni hljóðrás, neðanmálstexta o.s.frv. Þetta er sýningareintak myndarinnar fyrir kvikmyndahús og gert eftir ströngum stöðlum til að auðvelda dreifingu. Myndin er pressuð þannig að 4K, 2ja klukkutíma kvikmynd er af stærðinni 250 GB. Þessi viðmið eru sett fram af FIAF vegna þeirrar hröðu þróunar sem á sér stað um

þessar myndir þar sem óraunhæft er að safna öllum miðlum stafrænnar tækni. Viðmiðin eru ekki sett sem langtíma varðveislulausnir heldur nýtast þau til skilgreiningar á því hvaða snið eru viðunandi fyrir geymslu stafræna kvikmynda. Afgangast er að kvikmyndasöfnin varðveiti þessar skrár á LTO-böndum og sum þeirra varðveita líka stafrænar yfirfærslur á svart hvítu filmu í kæli-geymslu, sem reynist ennþá öruggasta og ódýrasta varðveisluaðferðin.

Kvikmyndasafn Íslands fer ekki varhluta af þeirri tæknibreytingu sem nú hefur átt sér stað í kvikmyndaheiminum. Safnið starfar eftir siðareglum FIAF og hefur fjárfest í ODA tækni, varðveislukerfi frá Sony, til að mæta lögbundinni skyldu sinni við varðveislu stafræna kvikmynda. Þetta er nýtt varðveislukerfi

sem byggir á Blue-ray tækni og hugbúnaðurinn sem stjórnar drifum upptöku- og afspilunartækjanna hæfir hvaða tölvu sem er. Fyrir peningalitlar stofnanir er það kostur að hægt sé að byggja kerfið upp smám saman með tilliti til fjárhags. Samhliða þarf Kvikmyndasafnið að eignast 4K hágæða filmuskannar (35mm filmugæði) svo það geti áfram varðveitt hliðrænar kvikmyndir með þeim hætti sem viðurkenndur er af FIAF. Kvikmyndasafn Íslands er eina safnið á Norðurlöndum sem ekki hefur yfir háskerpuskanna að ráða. Þetta er starfseminni mjög hamlandi því bæði er áhættusamt að flytja kvikmyndir um langan veg og dýrt að kaupa útselda vinnu

---

Gunnþóra Halldórsdóttir,  
safnafræðingur

# Minnisstæðar melódíur

Söfnun hluta og heimilda er ein birtingarmynd skapandi hugsunar. Það að byggja upp safn er sköpunarferli og gott safn verður tæpast til nema einhver sé safnarinn. Þau söfn hafa mér löngum þótt forvitnilegust þar sem skynja má lífsreynslu og hugðarefni hins ástríðufulla safnara í öllu því sem þar gefur að líta. Þar sem finna má í hverjum hlut vitnisburð um alúð, hugvitssemi, sérvisku og gleðina yfir hverjum nýjum fundi sem bætist í safnið. Hluti af ástríðu safnarans er ánægja og stolt yfir því að geta deilt afrakstrinum af þolinmóðri leit sinni með öðrum. Mikilvægi safnarans í því að skapa vel heppnað safn hefur ekkert breyst þó að tækni til miðlunar og varðveislu myndefnis og upplýsinga hafi tekið stórstígam framförum.

Íslensk safnaflóra geymir mörg dæmi um söfn sem eru afrakstur af hugsjónastarfi einstaklinga. Sér í flokki eru söfn þar sem safnarinn sjálfur í eigin persónu er hluti af upplifun safngestsins. Eitt slíkt safn má finna á jarðhæð látlaus íbúðarhúss vestur á Bíldudal við Arnarfjörð. Tónlistarmaðurinn Jón Kr. Ólafsson sem þar er búsettur hefur um árabil safnað munum og heimildum um íslenska tónlistarsögu. Afraksturinn af starfi hans er tónlistarsafnið Melódíur minninganna sem opnað var þann 17. júní árið 2000. Jón tileinkar safn sitt því listafólki sem hann hefur kynnst í gegnum tíðina á löngum ferli sínum sem tónlistarmaður. Má þar m.a. nefna Hauk Morthens, Sigfús Halldórsson, Jón Sigurðsson, Svanhildi Jakobsdóttur, Svavar Gest, Ellý og Vilhjálm Vilhjálmsson, Ragnar Bjarnason, Helenu Eyjólfsdóttur og bræðurna Ingimar og Finn Eydal.

Safnið byggist að mestu á innrömmuðum hljómplötum, plötuumslögum, myndum, munum og búningum úr eigu listamannanna.

Safnið Melódíur minninganna er til húsa á jarðhæð íbúðarhússins Reynimels við Tjarnarbraut 5, Bíldudal. Það er opið frá kl. 13–18 alla virka daga og eftir samkomulagi utan þess tíma. Á heimasíðu sveitarfélagsins Vesturbýggðar eru gefin upp tvö símanúmer Jóns og tekið fram að svo sé líka hægt að banka á hurðina á gamla máttann. Þegar okkur bar að á laugardagsmorgni snemma í júlímánuði árið 2013 var safnið lokað. Á hurðinni var miði þar sem áhugasömum var bent á að hringja í símanúmer Jóns. Eftir stutt samtal féllst safnstjórinn góðfúslega á að taka á móti fimm manna hópi þótt að fyrirvarinn væri enginn. Ekki spillti fyrir að einn í hópnum var tónlistarmaður sem kunnir skil á ýmsu sem þar gaf að líta. Eftir viðvöl í safnbúðinni leiddi Jón okkur um sýninguna og sagði sögu helstu dýrgripa safnsins. Hluta sem hinn forsjáli safnari hafði séð verðmætið í á undan öðrum og haft hugsun á að bjarga frá glötun.

Hápunktur heimsóknarinnar var þegar okkur var boðið til sætis í betri stofu inn af sýningarsalnum. Þar dró Jón fram uppáhalds hljómplötu sína með söng Ellý Vilhjálms og deildi með okkur frásögnum af persónulegum kynnum sínum við hana og fleiri listamenn sem fallnir eru frá. Var það líkast helgri stund þegar hin sögulega vínylpata var sett á fóninn og við gestirnir hlustuðum í andakt. Þjóðhöfðingi hefði vart fengið betri móttökur en þessi litli hópur á laugardagsmorgni í júlí 2013.



Í lok heimsóknarinnar vorum við leyst út með sýnishornum af gömlum hljómplötum sem Jón átti afgang af. Undirritaður festi kaup á diskum frá árinu 2010 með lifandi myndefni frá tónlistarferli Jóns. Meðal efnis var upptaka frá fimmtugsafmæli Jóns sem haldið var á einkaheimili í Grjótaþorpinu þann 22. ágúst 1990. Margir kunnir tónlistarmenn voru þar mættir til að fagna með Jóni, m.a. þeir Sigfús Halldórsson og Haukur Morthens. Einn af hápunktum samkvæmisins var þegar þessir heidursmenn fluttu saman Litlu fluguna, þar sem Sigfús sjálfur lék undir söng Hauks. Þar náðist að festa á mynd einstakt augnablik í íslenskri tónlistarsögu fyrir komandi kynslóðir.

Safnið Melódíur minninganna sýnir hvernig einstaklingur með takmörkuð fjárráð hefur upp á sitt einsdæmi og án opinbers fjárstuðnings náð að bjarga mikilvægum menningarverðmætum frá glötun og jafnframt náð að miðla þessum arfi á minnisstæðan og áhrifaríkan hátt. Glæsileg húsa-kynni og dýr tæknivæddur umbúnaður er ekki endilega forsenda fyrir vel heppnaðri sýningu eða innihaldsríkri upplifun af safni. Hugsjónastarf Jóns Kr. Ólafssonar er þörf áminning um mikilvægi hins ástríðufulla safnarara í samtíð okkar, áskorun til allra um að líta eigin samtíma með augum safnarans og vera sívakandi yfir því að skrá og varðveita það sem kann að þykja ómetanlegt þegar fram líða stundir.

# Sjálfbodaliðastarf á söfnum

Éftirfarandi pistill er unninn upp úr námsfyrirlestri sem höfundur hélt í safnafræði við Háskólann í Leicester árið 2012 út frá spurningunni: „Hvernig geta söfn aukið mannauð sinn til að mæta áskorunum og tækifærum á tímum breytinga?

Íslenskt safnastarf hefur ekki farið varhluta af ýmsum breytingum á síðustu árum. Söfn hafa þurft að takast á við breyttar aðstæður s.s. niðurskurð og hafa því orðið að vinna úr nýjum aðstæðum til að mæta kröfum notendahópa sinna. Það var vegna þessa sem ég ákvað að skoða sjálfbodaliðastarf á Íslandi. Einn þáttur verkefnisins var að bera saman sjálfbodaliðastarf á Bretlandseyjum og á Íslandi.

Sjálfbodaliðastarf er ekki algengt í safnageiranum á Íslandi. Eða að minnsta kosti ekki í samanburði við Bretland. Á Íslandi er nokkuð um hollvinasamtök hinna og þessara safna en starf þeirra hefur frekar miðað að fjáröflun en eiginlegu vinnuframlagi. Í Bretlandi er að finna stór félagasamtök líkt og *The British Association of Friends of Museums* og *Volunteering England*. Slík samtök eru ekki til á Íslandi enda hefur fjöldi sjálfbodaliða ekki verið það aðkallandi að þörf hafi verið á stærri regnhlífarsamtökum.

Ekki er mikið til af heimildum um sjálfbodaliðastarf á Íslandi. Í safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu frá 2010–2014 er stuttlega talað um það að sjálfsagt sé að efla sjálfbodaliðastarf innan safna og að það geti haft

ýmsa kosti í för með sér. Frekari stefnu og leiðbeiningar er ekki að finna og vantar mögulega. Ágæta samantekt um sjálfbodaliðastarf almennt er að finna í ritgerð Skúla Sæland á skemman.is og heitir Vinna fúslega gefin: Skoðun á eðli og hlutverki sjálfbodavinnu við menningarstofnanir (2011).

Það hefur aldrei myndast hefð fyrir sjálfbodaliðastarfi hjá söfnum hér á landi líkt og í Bretlandi. En hér þarf einnig að stíga varlega til jarðar. Að bjóða upp á sjálfbodaliðastarf á safni er mikil jafnvægislist því mikilvægt er að báðir aðilar njóti góðs af samstarfinu, þ.e. bæði einstaklingurinn og stofnunin. Ekki má halla of mikið á annan aðilann. Ef það yrði mætti mögulega finna að því að stofnunin væri að notfæra sér sjálfbodaliðann. Á móti kemur að frá stofnunarinnar hendi færi of mikill tími og fyrirhöfn í utanumhald sem skilaði sér ekki í neinu raunverulegu framlagi til safnsins. Það er því mikilvægt að koma sér upp verklagi og gagnkvæmum skilningi á milli beggja aðila. Í Bretlandi tíðkast að skrifa undir sjálfbodaliðasamninga þar sem skyldur og og framlag beggja aðila eru vel útlistuð.

Aðilum innan sjálfbodaliðageirans í Bretlandi kom verulega á óvart hversu lítið var um sjálfbodaliðastarf á Íslandi og þá sérstaklega miðað við að hérlendis væru yfir 100 viðurkennd söfn (þá eru ekki meðtalin setur og sýningar) og fjölfjöldinn svipaður og í Leicesterborg. Í Bretlandi er staðan þannig, þegar lítið er yfir aðgengilega tölfræði og

heimildir, að söfn þar í landi gætu ekki dafnað án sjálfbodaliða. Til dæmis má lesa í bókinni *Museum Management and Marketing* (2006) að allt að 65% af starfsfólki safnageirans í Bretlandi séu sjálfbodaliðar og að sjálfbodaliðastarf sé að finna á 92% safna. Þessi tölfræði sýnir einnig fram á ákveðið vandamál í Bretlandi þar sem erfitt getur verið fyrir menntað fólk að fá vinnu við hæfi vegna samkeppni þess við sjálfbodaliða. Þetta er atriði sem þarf að hafa í huga. Einnig krefst þessi gífurlegi fjöldi sjálfbodaliða mikillar yfirbyggingar, verklagsreglna og reglugerða. Þetta eru allt atriði sem ætti að líta til ef athuga ætti af alvöru fýsileika skipulagðs sjálfbodaliðastarfs á Íslandi.

Nokkrar spurningar vakna strax. Er þörf á því að koma á fót einhverskonar samtökum eða félagi um sjálfbodaliðastarf? Gæti það verið rekið af höfuðsöfnunum sem myndu sjá um að auglýsa tækifæri fyrir áhugasama? Er sjálfbodaliðastarf vannýtt auðlind á Íslandi eða er hættan á misnotkun óæskileg? Hver sem svörin væru er staðan sú að það er himinn og haf á milli þess hvernig staðið er að sjálfbodaliðastarfi almennt í Bretlandi og því ómarkvissa starfi hér og þar á Íslandi í þessum málaflökki. Alltaf er hægt að gera betur, en ljóst þykir að nauðsynlegt sé að marka stefnu.

Sigurður Trausti Traustason,  
safnafræðingur

# Hvatningarverðlaun í safnfræðslu og norræn samvinna

Nú til dags eru flestir safnmenn sammála um mikilvægi safnfræðslu, þótt hún hafi kannski ekki alltaf það vægi innan safnastarfsins sem henni ber. Safnfræðsla þykir ómissandi á öllum stærri söfnum en oft er þó ekki nægilega vel hugað að því að skapa henni möguleika á að vaxa og dafna. Þó er fræðslan sá þáttur safnastarfsins sem hvað mikilvægast er að sé í stöðugri endurnýjun í takt við þjóðfélagsbreytingar og allar þær tækninýjungar sem koma á markað frá degi til dags.

Þegar safnfræðsla í tengslum við námsskrá var að ryðja sér til rúms á Íslandi á níunda áratug síðustu aldar leitustu safnkennarar gjarnan út fyrir landsteinana til að fá hugmyndir og góð ráð. Þá mynduðust meðal annars sterk tengsl við safnkennara í Danmörku og Svíþjóð sem miðluðu af sinni þekkingu. Íslenskir safnkennarar sátu einnig ráðstefnur fræðsludeildar ICOM, CECA (e. Committee of Education and Cultural Action) og kynntust þar kenningum í safnfræðslu og aðferðum sem tíðkuðust í ýmsum löndum. Allnokkrir íslenskir safnkennarar eru að sögn meðlimir í CECA en eitt hvað virðist hafa dregið úr tengslum við Norðurlönd með árunum.

Nýlega voru stofnuð samtök safnkennara á Norðurlöndum, NAME

(Nordic Association of Museum Education), í því skyni að koma á tengslaneti þeirra sem starfa við fræðslu og miðlun á söfnum. Árið 2015 gáfu samtökin út ritið Nordic Inspiration – Fresh approaches to Museum Learning, sem dreift var til meðlima félaga safnamanna á Norðurlöndum og allir meðlimir FÍSOS ættu nú að hafa fengið í hendur. Í ritinu er lýst úrvali safnfræðsluverkefna frá löndunum fimm sem mynda samtökin. Þar á meðal eru verkefni sem hafa unnið til hvatningarverðlauna, en slík verðlaun eru veitt árlega í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Mörg þessara verkefna er hægt að staðfæra og nýta annars staðar, þótt aðstæður séu aðrar, enda er ætlunin að ritið sé hugmyndabanki sem safnkennarar og aðrir sem fást við miðlun geti sótt í.

Íslensku safnaverðlaunin á vegum Félags íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) hafa verið veitt frá árinu 2000 og þykir það mikill heiður fyrir safn að vera tilnefnt til þeirra, að ekki sé nú talað um að hljóta sjálf verðlaunin. Þau eru veitt söfnum sem þykja hafa skarast fram úr og það segir sig sjálft að það eru aðallega hinar burðugri stofnanir sem eiga möguleika á að krækja í þau. Frá árinu 2003 hafa þau aðeins verið veitt annað hvert ár svo samkeppnin er hörð. Spurningin er hvort safnageirinn þurfi ekki á meiri hvatningu að halda en þarna er fyrir

hendi. Víða um land eru fámenn og fjársvelt söfn þar sem þó er til staðar mikill metnaður og vilji til að gera vel.

Tilgangur þessa greinarkorns er að leggja til að hér á landi verði veitt hvatningarverðlaun í safnfræðslu eins og gert er á hinum Norðurlöndunum og það liggur beinast við að þau yrðu einnig í umsjá FÍSOS. Auk þess að vera hvetjandi fyrir íslenska safnkennara þá myndi þetta styrkja stöðu okkar í norrænu samstarfi sem vonandi mun vaxa og dafna í fyrrnefndum NAME-samtökum. Hvatningarverðlaun mætti raunar veita á fleiri sviðum, til dæmis söfnum sem skara fram úr í starfi með nærsamfélaginu, söfnum sem sinna minnihlutahópum sérlega vel eða söfnum sem fjalla um viðkvæm málefni eða álitamál sem upp koma í samfélaginu. Með slíkum hvatningarverðlaunum mætti hlúa að ýmsum minni verkefnum og vaxtarsprotum sem ekki þyrfti endilega mikið fé til að framkvæma heldur fyrst og fremst hugvitssemi og vilja.

Bryndís Sverrisdóttir,  
safnafræðingur

# Fálkinn frá Akureyri sem varð safngripur í Flórens á Ítalíu



Orðrómur um að íslenska fugla væri að finna á Specolasafninu í Flórens vakti áhuga minn enda á leið í skiptinám við Háskólann í Flórens haustið 2014. Þegar þangað var komið hóf ég að leita upplýsinga um fuglana. Þrátt fyrir mikla leit á safninu tókst mér í fyrstu ekki að finna neinar sýnilegar upplýsingar um íslenska fugla

## Specola safnið

Specola safnið er dýrafræðideild náttúruminjasafnsins í Flórens (Museo di Storia Naturale, Sezione di Zoologia „La Specola“) sem er á vegum Háskólans í Flórens. Safnið hefur alltaf verið þekkt undir nafninu La Specola sem er vísun í stjörnuathugunarstöð sem var staðsett í turni byggingarinnar. Safnið er staðsett í Via Romana númer 17 rétt hjá Palazzo Pitti höllinni. Talið er að dýrafræðideildin sé fyrsta og stærsta

vísindasafnið í Evrópu sem opnað var fyrir almenningi. Hún var stofnuð árið 1775 að tilstuðlan hertogans Pietro Leopoldo di Lorena í Toskana héraðinu sem vildi koma skipulagi á safngripi Medici-fjölskyldunnar sem var valdamikil á Ítalíu á þessum tíma. Þá var jafnframt ráðist í það metnaðarfulla verkefni að búa til eftirlíkingar af mannlíkömum og líffærum úr vaxi til að nota í vísindakennslu. Þetta safn er til sýnis enn þann dag í dag. Dýrasafnið er mjög umfangsmikið – telur yfir þrjár og hálf milljón safngripa, en aðeins um fimm þúsund dýr eru til sýnis. Safnkosturinn er einnig notaður til rannsókna. Stærstur hluti sýnishornanna er frá tímabilinu 1850 til fyrri hluta tuttugustu aldar. Flest dýrin voru veidd í tengslum við vísindaleiðangra sem voru skipulagðir á vegum safnsins.

## Íslenskir fuglar?

Fuglafræðisafnið er gríðarlega stórt og telur um 18 þúsund skráðar tegundir. Grunnur þess er byggður á safni frá stórhertogatímabilinu en á 19. og 20. öld var fuglum svo safnað frá ýmsum löndum í heiminum. Ýmist var um að ræða gjafir til safnsins, kaup á safngripum eða skiptum á gripum við önnur söfn.

Í leit minni að íslensku fuglunum fór ég skipulega í gegnum sýningarsali safnsins þar sem finna mátti uppstoppaða fugla með áhengdum litlum merkisþjöldum. Sum þjöldin voru handskrifuð og stundum illa sýnileg. Ekki hjálpaði við leitina að stórum sal safnsins var lokað eftir óveður sem dundi yfir þann 19. september 2014. Það var sérkennilegt að forða sér undan risastóru hagléli í 27 stiga hita og á sandöllum. Óveðrið olli talsverðu tjóni víða um borgina og þar með talið á byggingu safnsins þar sem vatn flæddi inn. Nú tveim árum síðar er salur XIX enn lokaður vegna viðgerða en þar eru m.a. stórir fuglar.

Leiðin að fuglasölum safnsins er vörðud dýrum allt frá skordýrum til apa og krókodíla. Ég veit ekki hvort það voru öll uppstoppuðu dýrin eða þessi gamla bygging Palazzo Torrigiani sem kallaði fram hið dramatíska andrúmsloft sem einkennir safnið. Hitt var ljóst – mig myndi ekki langa að dvelja ein í þessu völuarhúsi að kvöldi til. Í einum rannsóknarleiðangrinum mundaði litlu að ég lokaðist inni rétt fyrir lokun þegar fáir gestir voru á safninu. Ég andaði léttar þegar út kom.


Starfsmaður í miðasöluinni varð fyrir svörum þegar ég spurði hvort mögulega væru fuglar frá Íslandi á safninu og hvort að ég gæti fengið að skoða sal sem var lokaður gestum. Ekki voru aðrir starfsmenn sýnilegir á safninu en hringt var í sýningarstjóran Fausto Barbagli sem kom og aðstoðaði mig. Barbagli, sérfræðingur í bæði fuglafræði og skjalasafninu,

staðfesti að það væru fuglar á safninu sem höfðu verið fangaðir á Íslandi en til þess að finna þá þyrfti að leita í skrár sem væru óaðgengilegar fyrir þann sem þekkti ekki til. Hann var reiðubúinn að veita mér þann aðgang ef formleg beiðni fengist frá prófessor við Háskóla Íslands og ég leitaði til Sigurjóns Baldurs Hafsteinssonar.

Eins og venja er á Ítalíu eru öll samskipti við ókunnuga mjög formföst og ætlast til að notað sé formlegt mál. Það þarf því að vanda sig við að þera í samskiptum við prófessora og starfsmenn stofnana. Þegar mig var farið að lengja eftir svári við fyrirspurninni um fuglana gerði ég aðra tilraun til að ná tali af Barbagli á safninu. Hann tók mjög vel á móti mér, bauð mér inn á skrifstofuna sína og sýndi mér bækur sem mögulega gögnumdust við upplýsingaleitina. Hann var búinn að útiloka að eitthvað væri að finna á tölvutæku formi. Fuglarnir eru skráðir eftir tegundum en ekki landi. Safngripir hafa borist til safnsins með ýmsum leiðum og geta verið gjafir frá öðrum söfnum og stofnunum. Það auðveldaði ekki leitina að ég hafði engar upplýsingar að styðjast við eins og nöfn vísindamanna eða tímabil til að þrengja leitarskilyrðin. Barbagli bauð mér einn vinnudag á safninu til þess að fletta í gegnum handskrifadar skrár í þeirri von um að finna upplýsingar um Ísland. Hann hafði ekki mikla trú á því að ég myndi finna nokkuð en gaf þetta eftir. Ég útbjó því lista með nöfnum íslenskra fugla á ítölsku og fræðiheiti-um þeirra.

### Rannsóknavinna

Fausto Barbagli stóð við orð sín og þegar ég mætti á safnið vopnuð listanum, þann 3. febrúar síðastliðinn, hafði hann þegar tekið til stafla af þykkum skrár. Hann benti mér á að leita líka að húsönd undir nafninu Quattrocchi d'Islanda eða *Bucephala islandica*. Ég fékk aðstöðu á einni skrifstofunni og hafði góðan vinnufríð á meðan Barbagli sinnti nemendum í



kennslustofu. Fyrstu skrárnar voru unnar af ítalska safnstjóranum Enrico H. Giglioli (1845–1909) sem var dýra- og mannfræðingur. Hann ferðaðist mikið, fór í vísindaleiðangra og meðal annars í heimsreiðu. Það var sem betur fer auðvelt að skilja rithönd prófessors Giglioli sem var mjög falleg og nánast eins og skrautritun. Síðar tók við hefðbundnari skrift þar sem bætt hafði verið við upplýsingum og annað leiðrétt. Ég sá nokkrum sinnum skráð „Nordur-Evrópa“ en jafnframt kom fyrir að skráð væri í skjölunum „Ísland“ með spurningamerki fyrir aftan. Það var því ósvikin gleði þegar fannst í gögnum skráningar fálka, ungs karlfugls, að hann hafði verið veiddur á Akureyri þann 11. ágúst 1904. Fálkinn eða *Falco rusticolus* var seldur til safnsins árið 1906 og W. Schluter skráður söluaður. Það eru miklar líkar á að þar sé átt við Wilhelm Schluter (1828–1919) þýskan miðlara sem verslaði með náttúrugripi. Hann seldi söfnum mikilvæga fugla og skordýrasöfn auk þess að sjá háskólum fyrir náttúrugripum. Ég fann líka skinn af æðarfugli *Somateria molissima* sem samkvæmt skráningu var upprunið frá Íslandi en Herra Aubry gaf safninu skinnið árið 1867. Barbagli staðfesti að fálkinn væri frá Íslandi en sagði að það þyrfti að rannsaka betur uppruna æðarfuglsins. Íslenski fálkinn er einnig nefndur valur og af

tegundinni *Falco rusticolus* en af deili- tegundinni *islandicus*. Engin skráning á húsönd fannst. Ég hafði auðvitað áhuga á að fá að sjá gripina og fékk leyfi til að koma nokkrum dögum síðar. Fálkinn var geymdur í þeim hluta safnsins sem tengist mannfræðisafninu í Via del Proconsolo.

### Fagnaðarfundir

Full eftirvæntingar hélt ég á fund við íslenska fálkann. Þetta stefnumót við „landa“ minn varð mjög hátíðlegt. Barbagli kom með fuglana, fálkann og æðarfuglinn, sem voru vafðir inn í plast. Plastið innihélt ekki aðeins skinnið heldur einnig æðarfugl, karlfugl sem merktur var frá Íslandi. Sennilega átti ég von á að sjá fálkann *Falco rusticolus islandicus* reistari og jafnvel með þanda vængi. Hann var frekar krumpinn á svipinn, reittur og vantaði í hann augun. Klærnar voru þó mjög sterklegar. Það mátti lesa úr svip hans að hann væri ósáttur við þessi örlög, að vera rænt frá heimahögunum á Akureyri, stoppaður upp og geymdur í plastpoka á safni í Flórens. Hann átti alla mína samúð.



Jóhanna Viggósdóttir, meistaranemi í safnafræði við Háskóla Íslands

MYNDAÞÁTTUR: VERKUN OG UPPSETNING STEYPIREIÐARBEINAGRINDAR Á HVALASAFNINU Á HÚSAVÍK





Ljósmyndir á vinstri síðu: Valur Örn Þorvaldsson  
Ljósmyndir á hægri síðu: Jan Aksel Klitgaard



# Að skilja sjónar- mið ungra barna á sýningum náttúru- minjasafna





### Samantekt

Því er gjarnan haldið fram af starfsmönnum safna og af almenningsi að söfn séu sérstaklega hentug ungum börnum. Þrátt fyrir að ungir gestir séu mikilvægur markhópur safna hafa fáar rannsóknir á sjónarmiðum barna undir 6 ára aldri farið fram. Það má rekja til þeirra fjölþættu áskoranna sem slíkar rannsóknir hafa í för með sér.<sup>1</sup> Það er þó ljóst að án viðtækari skilnings á viðhorfum og hegðun gesta er hættu á að söfn setji upp sýningar sem fólk nær ekki tengslum við, teljist óáhuga-verðar eða jafnvel fráhrindandi. Árið 2011 gerði ég rannsókn á náttúru-minjasafninu Oxford University Museum of Natural History. Rannsóknin byggðist á þeirri aðferðarfræði minni að ég fékk börn á aldrinum 4 til 5 ára, sem voru í heimsókn með fjölskyldu sinni, til þess að taka stafrænar ljósmyndir af safngripum. Í kjölfarið voru þessar ljósmyndir nýttar í viðtölum við þátttakendur. Þetta reyndist mjög árangursrík leið til þess að varpa ljósi á sjónarmið

ungra barna og sýnir að ákveðnir þættir í upplifun þeirra á sýningum safna fara oft fram hjá fullorðna fólkinu sem fylgir börnunum.

Eftirfarandi er þýðing á einum kafla greinarinnar, þar sem Dr. Kirk sýnir fram á að söfn geti verið börnum örugg rými til þess að takast á við ótta og fælni. Áhugasömum lesendum er bent á að nálgast má greinina í heild sinni í hefti 1: 2013 af *Journal of Natural Science Collections*. Einnig er vert að benda á aðra grein eftir sama höfund: “Budding Photographers: Young children’s digital photography in a museum”, ritstj. Stylianou-Lambert, T., *Museums and Visitor Photography: How Visitors Use Photography*, MuseumsEtc.

### Fælni og ótti

Það er sérstaklega áhugavert að á söfnum verði til rými þar sem hlutir eða aðstæður valdi í sumum tilfellum ótta hjá börnum. Greg 4 ára sýndi mér spennur ljósmynd, tekna í dimmum bás og sýnir steina sem

glóa þegar þeir eru lýstir upp með útfjólubláu ljósi. Móðir hans útskýrði fyrir mér að þau hefðu margofter farið saman á safnið en þetta var samt í fyrsta skiptið sem hann fór í básinn þar sem hann hafði fram að þessu verið „ósáttur“ við myrkrið. Greg gekkst við því að í þetta sinn hefði hann verið nógu hugrakkur til þess að fara inn. Í ljósi þeirra sterku tilfellinga sem tengjast því að horfast í augu við ákveðna fælni eða ótta kemur ekki á óvart að þessi upplifun hafi reynst sérstaklega merkingarþær fyrir Greg, enda talaði hann töluvert lengi um ljósmyndina. Það kom einnig í ljós að fyrir Greg og Harvey (5 ára) jók ótti foreldranna ánægjuna af ákveðnum þáttum sýningarinnar. Í báðum tilfellum voru mæðurnar með köngulófælni sem olli því að lifandi tarantúlurnar voru sérstaklega spennandi fyrir drengina. Af þessum dæmum má álykta að á söfnum skapist öruggt rými sem geri börnum kleift að horfast í augu við sinn eigin ótta og ótta foreldra sinna.

Það er hins vegar ljóst að fæst barnanna upplifðu raunverulega fælni. Það var mun algengara að þau sýndu leikrænan uppgerðarótta andspænis stærri rándýrum safnsins. Ég uppgötvaði að börnin töluðu sérstaklega oft um tennur rándýranna – svo sem úr forsögulegum skriðdýrum og krókódílum. Á meðan á viðtölum stóð nefndu 18 af 32 viðmælendum slíkar tennur. Algengustu orð og setningar voru meðal annars: Beitt-

ar (e. sharp), oddhvasar (e. spikey), hlykkjóttar (e. zig-zag), ógnvekjandi (e. scary) og fullt, fullt af tönnum (e. lots and lots of teeth). Börnin töluðu líka, hálf óttaslegin, um líkan af *Tyrannusaurus* risaæðluhaus sem þau sáu á safninu en ekki öll þeirra voru nægilega hugröckk til þess að snerta hann. Josh (5 ára) sagði eftirfarandi við mig: „Ég stakk hausnum mínum í munninn á honum...ég hélt að hann myndi bíta af mér hausinn!“<sup>2</sup>

og þegar ég spurði hann um það hvort hann hefði orðið hræddur, jánkaði hann því af ákafa.

Ég vil sérstaklega beina athyglinni að tveimur mikilvægum þáttum; hverslags tennur vöktu þessi viðbrögð og eðli viðbragðanna. Í fyrsta lagi, ef rýnt er í þær ljósmyndir sem urðu til þess að börnin sögðu „tennur“ eða „tönn“ er ljóst að í öllum tilvikum eru þetta oddhvasar tennur rándýra. Þær



voru nánast allar stórar, fastar í haus-  
kúpum, í líkönum eða uppstoppuðum  
dýrum sem voru ekki með loðfeld.  
Tennurnar voru einnig mjög sýnilegar  
og væru dýrin á lífi hefðu þau langflest  
verið fær um að éta börnin. Þegar ég  
rannsakaði ljósmyndirnar, þar með  
talið þær myndir sem ekki voru rædd-  
ar í viðtölunum, komst ég að því að  
um það bil átta prósent þeirra voru  
af tönnum. Með öðrum orðum þýðir  
þetta að hvert barn hafi að meðaltali  
tekið fjórar myndir af rándýrstönnum.  
Einungis 3 af 32 börnum tóku engar  
myndir af slíkum tönnum.

Annar áhugaverður þáttur tengist  
viðbrögðum barnanna. Þau vissu  
augljóslega að eigendur tannanna  
voru „ógnvekjandi“ (e. scary) – þau  
notuðu oft nákvæmlega þetta orð  
til þess að lýsa dýrunum. Samt sem  
áður báru viðbrögð þeirra ekki vott  
um fælmi líkri myrkfælmi Gregs eða  
köngulóafælmi foreldranna. Þau  
reyndu ekkert sérstaklega að forð-  
ast dýrin eða fóru í uppnám vegna  
þeirra. Þess í stað virtust börnin allt  
í senn heilluð, hrædd og spennt. Þau  
fóru að hlæja, hrossast í stólnum sín-  
um, sýna eigin tennur eða að herma  
eftir glefsandi kjálka með höndun-  
um á meðan þau sögðu mér frá því  
hversu ógnvekjandi dýrin sem þau  
sáu höfðu verið.

Edward O. Wilson hefur skrifað um  
hugtakið *biophilia*; ást mannkynsins  
á ákveðnum þáttum náttúrunnar  
þ.m.t. landslagi og dýrum. Samkvæmt  
Wilson tengist *biophilia* þróunarsögu  
mannsins innan ákveðinna land-  
svæða ásamt eðlislægum valkvíða  
tengdum nauðsyn þess að leita sér  
matar og skjóls (Wilson, 1984). Hann

fjallar einnig um andstæðu *biophiliu*:  
*Biophobia*, eðlislega tilhneigingu til  
þess að hafa andúð á því sem ógnaði  
forfedrum okkar – sérstaklega tengdri  
hættulegum dýrum. Ég tel að á söfn-  
um megi skilgreina hegðun barna sem  
*biophobophilia*, sem merkir ánægju eða  
hrifningu af ákveðnum ógnvekjandi  
þáttum náttúrunnar. Samkvæmt  
þróunarsálfræðingnum H.C. Barratt  
gerum við ráð fyrir því að ung börn  
séu bæði óttaslegin og áhugasöm um  
rándýr því það tryggir að þau haldi sig  
í öruggri fjarlægð en læri á sama tíma  
að bera kennsl á mögulega hættuleg  
dýr (Barrett, 2005). Hann telur einnig  
að þessi hegðun sé mögulegt viðbragð  
við „fyrirfram ákvörðuðum minni-  
háttar ummerkjum um hættu“<sup>3</sup> (og  
tengist sem sagt stærð eða beittum  
tönnum) (Barrett, 2005: 217). Það er  
áhugavert að samskonar hegðunar-  
mynstur eigi sér stað á söfnum, þrátt  
fyrir að sambandið á milli slíkra „eðlis-  
lægra“ viðbragða og menningarlegra  
þátta séu óljós.

Af þessu má álykta að söfn veiti  
börnum öruggt rými. Þar geta þau  
komist í kynni við dýr og hluti sem  
geta vakið bæði ótta og áhuga, ásamt  
því að örva eftirtektarsemi þeirra.  
Þetta á sér bæði stað í félagslegu  
sambengi og innra með einstak-  
lingnum.

Að skilja sjónarmið ungra barna  
á sýningum náttúruminjasafna.  
Dr Elee Kirk.  
Birtist upprunalega í *Journal of  
Natural Science Collections*, 2013:  
volume 1. Bls. 38–43.

Ljósmyndir:  
Dr. Elee Kirk  
Eleekirk.com  
Museoscope.com  
<https://twitter.com/eleekirk>

- 1 Innskot þýðanda: Höfundur vísar hér, meðal annars, til þess hversu erfitt það er að fá leyfi til þess að stunda rannsóknir á ungum börnum því siðareglur taka mjög strangt á þeim. Það getur auk þess verið erfitt að fá fram viðhorf ungra barna, bæði vegna aldurs þeirra (takmörkuð tjáning, stutt athyglisgáfa og fleira) og vegna þess hversu gjarnir foreldrar eru á að svara fyrir börn sín á meðan viðtölum stendur.
- 2 Upprunalega: "I stuck my head in its mouth...I thought it would bite my head off!"
- 3 "minimal set of prespecified cues to dangerousness"



# Uppboð og sýningar í Gallerí Fold

Hvergi meira úrval af íslenskrri myndlist · Fagmennska og þekking · Stærst í listmunauppböðum  
Leiðandi í netuppböðum með söfnunargripi · Sýningarsalir í ýmsum stærðum



Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · [www.myndlist.is](http://www.myndlist.is)



---

VERIÐ VELKOMIN Á  
**BORGARSÖGUSAFN REYKJAVÍKUR**  
FJÖLDI SKEMMTILEGRA SÝNINGA  
OG VIÐBURÐA ÁRIÐ UM KRING

---



Árbæjarsafn



Landnámssýningin




Sjóminjasafnið í Reykjavík



Ljósmyndasafn Reykjavíkur



Viðey



---

Sjá viðburðadagatal á  
[www.borgarsogusafn.is](http://www.borgarsogusafn.is)

 **Borgarsögusafn**  
Reykjavíkur

*Styrktaraðilum Safnablaðsins Kvists  
eru færðar alúðarþakkir*

